



Ársskýrsla
Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar
2022-2023

Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2022-2023

Ritstjórar: Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Forsíðumynd er tekin af Þórdísi Þórisdóttur í sameiginlegri vettvangsferð eiturslönguhóps og 1. bekkjar í fjöruna við Belgsholt.

Skýrslan er aðgengileg á vef Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar	6
2.1	Hagnýtar upplýsingar um skólann	6
2.2	Breytingar og viðhald	6
3	Skóladagatöl 2022-2023	6
3.1	Skóladagatal Skýjaborgar	7
3.2	Skóladagatal Heiðarskóla	8
4	Starfsmenn.....	9
4.1	Breytingar í starfsmannahópnum	11
4.2	Stjórnun og verkaskipting	11
4.3	Upplýsingaflæði	12
4.4	Skipulagsdagar	12
4.5	Fundir	13
4.6	Símenntun.....	13
4.7	Námskeið og ráðstefnur.....	14
5	Áherslur vetrarins 2022-2023	16
5.1	Skólanámskrá	16
5.2	Umhverfismennt	16
5.3	Skólasamstarf.....	19
6	Mat á skólastarfi	20
6.1	Innra mat	20
6.2	Ytra mat	20
7	Nám og kennsla	21
7.1	Fjöldi barna í Heiðarskóla.....	21
7.2	Fjöldi barna í Skýjaborg	21
7.3	Sameiginlegar skýrslur 2022-2023	22
	Skýrsla sérkennara 2022-2023	22
7.4	Skýrslur Heiðarskóla 2022– 2023	24
	Teymisskýrsla yngsta stigs vorið 2023	24
	Teymisskýrsla miðstigs vorið 2023.....	26
	Teymi unglingastigs vorið 2023	29
	Skýrsla List- og verkgreinakennara vorið 2023	32
	Skólaíþróttir vorið 2023	35
	Skýrsla náms- og starfsráðgjafa vorið 2023	36

Skýrsla - tómstund vorið 2023	37
Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í Heiðarskóla.....	38
Skýrsla - frístund vorið 2023	38
Skýrsla SumarGaman - júní	40
Skýrsla frá umsjónarmanni bókasafns Heiðarskóla vorið 2023	41
Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2023.....	42
Samantekt - mötuneyti vorið 2023	42
7.5 Skýrslur Skýjaborgar 2022-2023	42
Deildarskýrsla Regnbogans 2022-2023	42
Deildarskýrsla Dropans 2022-2023	46
Skýrsla leikskólasérkennara 2022-2023	48
7.6 Dagar og viðburðir á skólaárinu	49
Skýjaborg.....	49
Heiðarskóli	52
8 Foreldrasamstarf.....	56
8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	56
8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	57

1 Inngangur

Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um starfsemi Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2022-2023. Markmið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um skólastarfið. Að gerð skýrslunnar koma allir starfsmenn skólans með einum eða öðrum hætti. Skólastjórar, Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, ritstýra verkinu.

Skýrslan er send til fræðslunefndar, til skólaráðs og foreldrafélags, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Hvalfjarðarsveit, 2023

Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla

2 Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla undir eina stjórn haustið 2011. Skólinn er rekinn á tveimur starfsstöðvum, leikskólinn í Melahverfi og grunnskólinn við Leirá. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og útinám. Unnið er með byrjenda- og leikskólalæsi. Einkunnarorð skólans eru vellíðan, virðing, metnaður og samvinna.

Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn stendur í Melahverfi í miðri Hvalfjarðarsveit, en mjög stutt er að sækja í ósnortna náttúru allt í kring, móa, kletta og trjágróður. Í leikskólanum er lögð áhersla á leik með opinn efnivið og lýðræði og þátttöku barna í skólastarfinu. Unnið er eftir hugmyndafræði John Dewey um nám í gegnum reynslu, kenningum Caroline Pratt um opinn efnivið og kenningum Howard Gardner um fjölgreindir.

Heiðarskóli er grunnskóli með um 90 nemendur í 1. - 10. bekk. Árið 2011 var skólinn fluttur í nýtt húsnæði. Skólinn stendur við Leirá, stutt er í ósnortna náttúru og skemmtileg skólalóð er við skólann. Í skólanum er lögð áhersla á umhverfismennt, spjaldtölvunotkun og uppbyggingu sjálfsgæta - uppelda til ábyrgðar.

2.1 Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
Heimasíða: www.skoli.hvalfjardarsveit.is

Grunnskólasvið:
Heiðarskóli
301 Akranes
s: 433 8525
Skólastjóri: Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Leikskólasvið:
Skýjaborg
Innrimel 1, 301 Akranes
s: 433 8530
Skólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

2.2 Breytingar og viðhald

Skýjaborg: Keyptir voru sex nýjir stólar inn á deild Regnboga vorið 2023. Settur var upp útblástur úr fataherbergjum. Ljósastaurar málaðir. Plötu bætt á kastala Dropamegin. Sumarið 2023 var keypt ný kaffivél fyrir starfsfólkið. Sumarið 2023 var sett nýtt, herra, hlið við aðalinngang í leikskólanum.

Heiðarskóli: Almennt viðhald

3 Skóladagatöl 2022-2023

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar gefur út tvö skóladagatöl, eitt fyrir Skýjaborg og annað fyrir Heiðarskóla. Skóladagatölin eru samræmd eins og kostur er til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á auknu samstarfi milli sviða. Skóladagatölin eru samþykkt af Skólaráði og Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar að vori.

3.1 Skóladagatal Skýjaborgar

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Skýjaborg

		AUGUST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRUAR		MÁR		APRÍL		MÍJ		JÚNÍ	
1. F.	1. L.	1. F.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. S.	1. L.	1. L.	1. L.	1. F.	1. L.	
2. D.	2. S.	2. F.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. M.	2. S.	2. S.	2. S.	2. F.	2. S.	
3. M.	3. L.	3. M.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. L.	3. M.	3. M.	3. M.	3. L.	3. M.	
4. F. Samkvæmt mataræði	4. S.	4. D.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. F.	4. D.	4. D.	4. D.	4. S.	4. D.	
5. F. Skólinn	5. M.	5. M.	5. L.	5. M.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. F.	5. S.	5. S.	5. S.	5. M.	5. M.	
6. L.	6. D.	6. S.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. M.	6. F.	6. F.	6. F.	6. D.	6. F.	
7. S.	7. M.	7. F.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. M.	7. S.	7. S.	7. S.	7. M.	7. F.	
8. M.	8. L.	8. M.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. L.	8. M.	8. L.	
9. F.	9. F.	9. S.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. M.	9. F.	9. F.	9. F.	9. F.	9. F.	
10. M.	10. L.	10. M.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. L.	10. M.	10. M.	10. M.	10. L.	10. M.	
11. F.	11. S.	11. M.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. L.	11. F.	11. F.	11. F.	11. S.	11. F.	
12. F.	12. M.	12. M.	12. L.	12. M.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. F.	12. M.	12. M.	12. M.	12. F.	12. M.	
13. L.	13. D.	13. S.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. M.	13. L.	13. L.	13. L.	13. D.	13. L.	
14. S.	14. M.	14. L.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. M.	14. F.	14. F.	14. F.	14. M.	14. F.	
15. M. Skólinn / skólinn	15. F.	15. L.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. M.	15. L.	15. L.	15. L.	15. F.	15. L.	
16. D.	16. F.	16. S.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. M.	16. S.	16. S.	16. S.	16. D.	16. S.	
17. M.	17. L.	17. M.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. L.	17. M.	17. M.	17. M.	17. L.	17. M.	
18. F.	18. S.	18. M.	18. L.	18. M.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. F.	18. D.	18. D.	18. D.	18. S.	18. D.	
19. F.	19. M.	19. L.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. M.	19. L.	19. L.	19. L.	19. F.	19. M.	
20. L.	20. S.	20. M.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. L.	20. F.	20. F.	20. F.	20. D.	20. F.	
21. M. Skólinn / skólinn	21. F.	21. L.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. M.	21. S.	21. S.	21. S.	21. M.	21. F.	
22. M.	22. L.	22. M.	22. L.	22. M.	22. F.	22. F.	22. F.	22. F.	22. F.	22. F.	22. F.	22. F.	22. F.	22. F.	22. F.	22. F.	22. M.	22. L.	22. L.	22. M.	22. L.		
23. F.	23. S.	23. M.	23. L.	23. M.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. F.	23. S.	23. S.	23. S.	23. F.	23. S.	
24. M.	24. L.	24. M.	24. L.	24. M.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. M.	24. M.	24. M.	24. L.	24. M.		
25. F.	25. S.	25. M.	25. L.	25. M.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. F.	25. S.	25. S.	25. S.	25. F.	25. S.	
26. F.	26. M.	26. L.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. M.	26. F.	26. F.	26. F.	26. M.	26. F.	
27. L.	27. S.	27. M.	27. L.	27. M.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. F.	27. L.	27. L.	27. L.	27. S.	27. L.		
28. S.	28. M.	28. L.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. F.	28. F.	28. F.	28. S.	28. F.	
29. M.	29. L.	29. M.	29. L.	29. M.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. M.	29. L.	29. L.	29. M.	29. F.		
30. D.	30. F.	30. S.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. M.	30. D.	30. S.	30. S.	30. D.	30. F.		
31. M.	31. L.	31. M.	31. L.	31. M.	31. F.	31. F.	31. F.	31. F.	31. F.	31. F.	31. F.	31. F.	31. F.	31. F.	31. F.	31. F.	31. M.	31. M.	31. M.	31. L.	31. M.		

3.2 Skóladagatal Heiðarskóla

Samband íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2022 - 2023												Nafn skóla:	Heiðarskóli
ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ					
1. Miðgarðsskólinn	1. F	1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F					
2. Þórsmannskólinn	2. F	2. S	2. M	2. F	2. M	2. F	2. F	2. S	2. Þ	2. F					
3. Miðgarðsskólinn	3. L	3. M	3. Þ	3. L	3. Þ	3. F	3. F	3. M	3. Þ	3. L					
4. Fjarðarskólinn	4. S	4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. L	4. L	4. Þ	4. M	4. S					
5. Fjarðarskólinn	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. S	5. S	5. M	5. F	5. M					
6. L	6. Þ	6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. M	6. M	6. F	6. L	6. Þ					
7. S	7. M	7. F	7. M	7. M	7. L	7. Þ	7. Þ	7. S	7. Þ	7. M					
8. Miðgarðsskólinn	8. F	8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. M	8. L	8. Þ	8. F					
9. Þórsmannskólinn	9. F	9. S	9. M	9. F	9. M	9. F	9. F	9. Þ	9. Þ	9. F					
10. Miðgarðsskólinn	10. L	10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. F	10. M	10. M	10. L					
11. Fjarðarskólinn	11. S	11. Þ	11. S	11. M	11. F	11. L	11. L	11. Þ	11. F	11. S					
12. Fjarðarskólinn	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. S	12. S	12. M	12. F	12. M					
13. L	13. Þ	13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. M	13. M	13. Þ	13. L	13. Þ					
14. S	14. M	14. F	14. M	14. M	14. L	14. Þ	14. Þ	14. S	14. S	14. M					
15. Miðgarðsskólinn - áhrifslipi	15. F	15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F					
16. Þórsmannskólinn	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. M	16. L	16. Þ	16. F					
17. Miðgarðsskólinn	17. L	17. M	17. F	17. M	17. F	17. L	17. L	17. M	17. Þ	17. L					
18. Fjarðarskólinn	18. S	18. Þ	18. S	18. M	18. F	18. L	18. L	18. M	18. Þ	18. F					
19. Fjarðarskólinn	19. M	19. M	19. M	19. M	19. L	19. S	19. S	19. M	19. F	19. S					
20. L	20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. F	20. L	20. L	20. M	20. Þ	20. M					
21. S	21. M	21. F	21. M	21. M	21. L	21. Þ	21. Þ	21. F	21. S	21. M					
22. Miðgarðsskólinn og Hvalfjarðarskólinn	22. F	22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F					
23. Þ	23. F	23. S	23. M	23. F	23. M	23. L	23. F	23. S	23. Þ	23. F					
24. M	24. L	24. M	24. F	24. M	24. Þ	24. F	24. F	24. M	24. M	24. L					
25. Fjarðarskólinn	25. S	25. Þ	25. F	25. M	25. L	25. S	25. L	25. M	25. F	25. S					
26. F	26. M	26. F	26. M	26. F	26. S	26. M	26. M	26. L	26. Þ	26. M					
27. L	27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. F	27. M	27. M	27. L	27. Þ	27. F					
28. S	28. M	28. F	28. M	28. L	28. Þ	28. S	28. S	28. M	28. F	28. M					
29. M	29. F	29. L	29. M	29. F	29. S	29. M	29. M	29. L	29. Þ	29. F					
30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. F	30. M	30. L	30. L	30. M	30. Þ	30. F					
31. Miðgarðsskólinn	31. M	31. M	31. L	31. M	31. Þ	31. F	31. F	31. M	31. M	31. L					

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda í samráði við kennara og með hlífðun af kjarasamningnum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

4 Starfsmenn

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir stöðugildi og starfsfólk Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, starfsheiti þeirra, ráðningarhlutfall og helstu athugasemdir varðandi ráðningu og leyfi.

Á skólaárinu störfuðu samtals 48 manns, allt skólaárið eða að hluta, við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Þar af voru 5 starfsmenn í leyfi allt skólárið.

	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	Athugasemdir:
	Heiðarskóli:			
1	Anna Bialobrzaska	Frístund	50	
2	Anna Guðrún Guðnadóttir	Stuðningsfulltrúi	75	
3	Anna Rún Þorvaldsdóttir	Stuðningsfulltrúi	69	
4	Arna Kristín Sigurðardóttir	Umsjónarkennari	87	
5	Berglind Bergsdóttir	Umsjónarkennari	100	
6	Einar Sigurdór Sigurðsson	Umsjónarkennari	100	Í leyfi
7	Erna Elvarsdóttir	Skólaliði	91	Í mötuneyti
8	Erna Rafnsdóttir	Leiðbeinandi	70	
9	Guðjón Józef Baldursson	Stuðningsfulltrúi – frístund	75 - 25	
10	Halldóra Andrésdóttir	Stuðningsfulltrúi	88	
11	Heiða Arnþórsdóttir	Umsjónarkennari	100	
12	Helena Bergström	Grunnskólakennari	100	Í leyfi
13	Hildur Jónsdóttir	Umsjónarkennari	100	Í leyfi
14	Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir	Skólaliði	88	
15	Jóhanna S Vilhjálmsdóttir	Stuðningsfulltrúi	50	
16	Máni Björgvinsson	Leiðbeinandi	100	
17	Katrín Rós Sigvaldadóttir	Náms- og starfsráðgjafi – kennari	100	
18	Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari	100	Þar af 20 í Skýjaborg
19	Sigríður Kristjánsdóttir	Matráður	100	
20	Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Skólastjóri	100	
21	Sigrún Vigdís Gylfadóttir	Sérkennari	100	
22	Sigurður Tómasson	Umsjónarkennari	100	
23	Sigurður Þ. Sigurþórsson	Aðstoðarskólastjóri	100	
24	Sóley Bára Bergsteinsdóttir	Umsjónarkennari	100	
25	Sólrún Jörgensdóttir	Skólaliði	91	
26	Sólrún Sigþórsdóttir	Leiðbeinandi	95	
27	Valdís María Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi 75 og skólaliði 25	94	
28	Þórdís Þórisdóttir	Umsjónarkennari	100	Þar af 20 í Skýjaborg
		Stöðugildi í upphafi skólaárs:	22,48	Þar af 0,4 í Skýjaborg
		Stöðugildi í lok skólaárs:	22,48	Þar af 0,4 í Skýjaborg
	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	Athugasemdir:
	Skýjaborg:			
1	Agnieszka Aurelia Korpak	Deildarstjóri / háskólamenntaður starfsmaður m. B.Ed. próf í leikskólakennarafræðum	70-100	100% til áramóta, 70% eftir áramót. Deildarstjóri til 30.11.2022

2	Aldís Ósk Sævarsdóttir	Háskólamenntaður leiðbeinandi	100	Fæðingarorlof til 28.4.2023
3	Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	100	
4	Bára Tómasdóttir	Deildarstjóri	100	
5	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100	
6	Fanney Rún Ágústsdóttir Sæland	Leiðbeinandi		Afleysing sept-okt 2022
7	Guðbjörg G. Benjamínsdóttir	Matráður	100	
8	Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi		Í leyfi allan veturinn
9	Helga María Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi		Afleysing af og til frá 13.3.2023, sumarafleysing
10	Hildur Sólmundsdóttir	Háskólamenntaður leiðbeinandi	50-100	100% frá 1.11.2022, 50% frá 4.1.2023, 100% sumar
11	Hulda Margrét Brynjarsdóttir	Ræstitæknir / Leiðbeinandi	38 / 72	Ræsting til 30.4.2023. Leiðbeinandi Frá 1.2.2023-30.4.2023
12	Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	85	
13	Karina Alexandra Podlowska	Leikskólakennari	100	
14	Kinga Korpak	Leiðbeinandi	100	
15	Kristel Ýr Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi	32	Frá 8.2.2023
16	Sigurbjörg Friðriksdóttir	Leikskólasérkennari	100	
17	Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir	Grunnskólakennari / deildarstjóri	100	Frá 27.9.2022 / deildarstjóri frá 1.12.2023
18	Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi og aðstoðarmatráður	80	65,7 og 14,3
19	Tetiana Yehorova	Ræstitæknir	38	Frá 8.5.2023
20	Védís Fríða Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi	100	Frá 12.1.2023
		Stöðugildi í upphafi skólaárs:	10,55 + 0,38	
		Stöðugildi þegar mestur fjöldi barna var frá feb-loka apríl:	12,89 + 0,38	Fjölgun barna

Stöðugildapörf í Skýjaborg reiknaðist eftirfarandi fyrir skólaárið 2022-2023:

	Upphaf skólaárs	Lok skólaárs
Stjórnun	1	1
Eldhús	1	1
Grunnstöðugildi	5,3375	7,0375
Sérkennsla	0,375	0,375
Undirbúningur skv. kjarasamningum	0,85	1,045
Undirbúningur leiðbeinenda	0,15	0,15
Afleysing 8,33%	0,6425	0,7841
Alls	9,355	11,3916
Stytting vinnuvikunnar: „Alls“ – 1,1375 (ekki stytting á EJR og ÞÞ)=X.		

4.3 Upplýsingaflæði

Upplýsingum frá skólanum er komið á framfæri með ýmsum hætti, m.a. með:

- Skólafréttabréfi sem skólastjórar senda á alla starfsmenn skólans í lok hverrar viku. Bréfið, sem sent er í tölvupósti, inniheldur upplýsingar um hvað er framundan í skólastarfinu.
- Upplýsingum á heimasíðu skólans, en hún er notuð til að koma á framfæri ýmsum fréttum og tilkynningum auk þess sem hún hefur að geyma allar útgefnar skýrslur skólans, skóladagatöl, og hagnýtar upplýsingar.
- Upplýsingapóstur í tölvupósti frá umsjónakennurum til foreldra Heiðarskóla reglulega.
- Fréttabréf frá stjórnendum eða umsjónarkennurum Heiðarskóla einu sinni til tvisvar á skólaárinu.
- Upplýsingapóstur í tölvupósti frá deildarstjórum til foreldra í Skýjaborg reglulega.
- Opnum Facebook síðum Skýjaborgar og Heiðarskóla.

4.4 Skipulagsdagar

Einn sameiginlegur skipulagsdagur/endurmenntunardagur var á skólaárinu.

- 15. ágúst: Skyndihjálparnámskeið. Að auki var Skýjaborg með starfsmannafund og stutta deildarfundi og Heiðarskóli með Mentornámskeið.

Í Skýjaborg voru 6 aðrir skipulagsdagar (fengum einn auka vegna náms- og kynnisferðar starfsmanna til Wrocław, Póllandi):

- 15. september: Starfsmannafundur 1 klst. Snemmtæk íhlutun í mál og læsi, þróunarverkefni, með Ásthildi og Halldóru, rest af degi.
- 26. október: Heilsdagsnámskeið Vináttuverkefnið Blær. Matráður fór á matreiðslunámskeið frá Sýni.
- 2. janúar: Starfsmannafundur. Deildarfundir og vinna. Upphafskynning á teymisvinnu MSHA Íris Hrönn Kristinsdóttir.
- 23. febrúar: Innra mat. Deildarfundir. Starfsmannafundur.
- 17. og 19. maí: Náms- og kynnisferð starfsmanna til Wrocław, Póllandi.

Í Heiðarskóla voru 13 skipulagsdagar, þar af 5 á starfstíma skólans og 8 utan starfstíma skólans:

- 16. – 22. ágúst: Undirbúningur fyrir skólaárið, skólastjórnendur fóru yfir verkefni vetrarins með starfsmönnum. Námsáætlanir í Mentor og undirbúningur fyrir skólaárið. Námskeið frá Tandri fyrir starfsfólk í ræstingu og mötuneyti. Teymisfundir og starfsmannafundur.
- 26. október: Blær námskeið fyrir kennara á yngsta stigi og námskeið fyrir starfsmenn í mötuneyti frá Sýni.
- 3. janúar: Starfsmannafundur, sjálfsmatsvinna, teymisfundir og táknmálakynning frá Söndru Helgadóttur.
- 23. febrúar: Kennarar tóku út styttu vinnutímans og almennir starfsmenn fóru í skólaheimsókn í Varmáarskóla.

- 11. apríl: Starfsmannafundur, teymisfundir og starfsmannasamtöl.
- 2. júní: Vitnisburður, skýrslugerð, pantanir, undirbúningur fyrir vorhátíð og útskrift 10. bekkinga.
- 5. – 8. júní: Náms- og kynnisferð starfsmanna til Berlín, Þýskaland.

4.5 Fundir

Skólastjórn, skipuð skólastjórum og aðstoðarskólastjóra, héldu vikulega samráðsfundi á mánudögum kl. 9:30 á teams. Á fundum skólastjórnar var m.a.:

- farið yfir fagleg mál skólans
- unnið að stefnumótun og framfylgd stefnu
- unnið við skipulagningu
- rætt um sameiginleg verkefni
- starfsmannamál
- skýrslugerðir - ársskýrsla - sjálfsmatsskýrsla - skólanámskrá – starfsáætlun.

Í Skýjaborg voru deildarstjórafundir áætlaðir 1x í viku sem deildarstjórar og leikskólastjóri sátu, tímasetning var breytileg yfir veturinn. Þá voru deildarfundir einu sinni í viku á mánudögum kl. 10:00-11:00 og fékk hvor deild annan hvorn mánudag.

Í Heiðarskóla voru starfsmannafundir einu sinni í mánuði. Á miðvikudögum voru kennarafundir. Örfundir með öllum starfsmönnum voru á þriðjudagsmorgnum kl. 8:00 – 8:10. Sjálfsmatsteymi, læsisteymi og umhverfisteymi funduðu eftir þörfum. Nemendafélag skólans fundaði eftir þörfum. Umhverfisnefnd skólans fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði. Fundir með almennum starfsmönnum voru haldnir eftir þörfum. Í tengslum við teymisverkefni sem hófst í desember og er unnið undir leiðsögn MSHA voru haldnir vikulegir teymisfundir með öllum sem koma að hverju stigi fyrir sig frá og með áramótum. Fundirnir voru mjög gagnlegir og til mikilla bóta.

Þrír skólasamstarfsfundir voru haldnir á árinu þar sem skólasamstarfið var skipulagt, farið yfir stöðuna og metið hvernig til tókst.

Haldinn var einn sameiginlegur fagfundur með öllum starfsmönnum Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar fimmtudaginn 13. apríl frá 16:30-18:30. Á fundinum var erindi frá ADHD samtökunum.

Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir um það bil einu sinni í mánuði. Á fundina mættu, félagsmálastjóri, sálfræðingur, náms- og starfsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, sérkennari og skólastjórar Leik- og grunnskóla.

4.6 Símenntun

Markmið er að allir starfsmenn skólans sækji símenntun samhliða starfi til hagsbóta fyrir skólastarfið. Símenntun starfsmanna er ein af forsendum framfara, þess vegna þurfa allir að taka þátt í símenntun

sem miðar að því að bæta árangur skólastarfsins. Leitast er eftir því að skilgreindar þarfir skólans og sérstakar óskir starfsmanna um endurmenntun fari saman.

4.7 Námskeið og ráðstefnur

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Skýjaborg:

- 15. ágúst: Skyndihjálparnámskeið. Allir starfsmenn.
- 25. ágúst: Tandur, ræstinámskeið: Þrír starfsmenn.
- 15. september: Erindi frá Ásthildi og Halldóru í tengslum við þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun í mál og læsi. Innlögn og umræður. Allir starfsmenn.
- 20. september: Örnámskeið FSL: Kynning á lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Einn starfsmaður.
- 7. október: Menntakvika 2022. Einn starfsmaður.
- 26. október: Heilsdags námskeið Vináttuverkefnið Blær. Allir starfsmenn.
- 26. október: Matreiðslunámskeið frá Sýni. Matráður.
- 28. október: Ráðstefna: Markviss íhlutun á öllum skólastigum – verkfæri til árangurs. Tveir starfsmenn.
- 11. nóvember: Afmælisráðstefna Rannung: Höfum við gengið til góðs? Rannsóknir og leikskólastarf í 15 ár. Einn starfsmaður.
- 14. Nóvember: Ráðgjafar- og greiningarstöð, námskeið: Kennum nýja færni. Einn starfsmaður.
- Frá 2. janúar: Þriggja ára samstarfsverkefni um teymisvinnu við MSHA. Þrír starfsmenn sitja mánaðarlega leiðtogafundi, aðrir starfsmenn taka þátt sem hluti af teymi sem leiðtogarnir stýra.
- 23. janúar og 13. febrúar: TRAS námskeið. Einn starfsmaður.
- 23. febrúar: Örfundur febrúarmánaðar FSL: Reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Einn starfsmaður.
- 20. mars: Örfundur marsmánaðar FSL: Stafrænt ofbeldi. Hvað er til ráða? Einn starfsmaður.
- 22. mars: Kynning á landsteymi um farsæld. Einn starfsmaður.
- 23. mars: Norræn ráðstefna um geðheilbrigðismál: Collaboration and Co-Production. Einn starfsmaður.
- 13. apríl: Erindi frá ADHD samtökunum: ADHD og skólinn. Allir starfsmenn.
- 2. maí: FAST hetjur kynning og fræðsla. Tveir starfsmenn.
- 11.-12. maí: Vorráðstefna Ráðgjafar- og greiningarstöðvar. Einn starfsmaður.
- 17.-21. maí: Náms- og kynnisferð starfsmanna til Wrocław, Póllandi. Tvær leikskólaheimsóknir. Öndunarnámskeið. Vatnslitanámskeið. Allir starfsmenn.
- 5. júní: Rafrænt: Samráðsfundur um framtíðarskipan skólaþjónustu. Einn starfsmaður.
- 7.-8. júní: Skólstjórar leikskóla – Leiðtogar í lífsorku: Styrkjum mannauðinn og leiðtogahæfni. Einn starfsmaður.

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Heiðarskóla, listinn tekur ekki á einstökum námskeiðum sem starfsmenn sóttust eftir að fara á heldur er frekar um áherslur skólans að ræða:

- 15. ágúst: Skyndihjálparnámskeið allir starfsmenn.
- 25. ágúst: Tandur ræstinámskeið, 3 starfsmenn.
- 2. september: Réttindanámskeið fyrir starfsmenn sundlauga, 2 starfsmenn.
- 12. september: Daniel Kish flutti erindið „Leiðin til sjálfstæðis“ í fundarsal Blindrafélagsins, 3 starfsmenn.
- 19. september: Örnámskeið á vegum barna- og fjölskyldustofu um grunnatriði varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og ungmennum, 2 starfsmenn.
- 26. september: Ráðstefna um framúrskarandi skólaumhverfi, 3 starfsmenn.
- 5. október: Fræðsla frá Heyrnar- og talmeinastöð, allir kennarar og hluti af almennum.
- 6. október: Barnaverndarnámskeið í streymi, 1 starfsmaður.
- 26. október: Heilsdags námskeið Vináttuverkefnið Blær. Allir starfsmenn sem komu að yngsta stigi.
- 26. október: Matreiðslunámskeið frá Sýni, 3 starfsmenn.
- 2. nóvember: Fræðsla frá Sjonstöðinni um sjónskerðingu og hagnýt ráð, allir kennarar og hluti af almennum starismönnum.
- 9. nóvember: Kynning á teymisvinnuverkefninu frá MSHA, allir starfsmenn.
- 14. nóvember: Hulda Brynjarsdóttir flutti fræðsluerindi um „Virðingarríkt uppeldi“, nokkrir starfsmenn.
- 24. nóvember: Sigga Dögg flutti erindi um kynfræðslu, nokkrir starfsmenn.
- 28. nóvember: Fræðsludagur Félags sérkennara, 1 starfsmaður.
- Frá 5. desember: Þriggja ára samstarfsverkefni um teymisvinnu við MSHA. Fimm starfsmenn sitja vikulega leiðtogafundi, aðrir starfsmenn taka þátt sem hluti af teymi sem leiðtogarnir stýra.
- 7. desember: Sólveig Sigurðardóttir kynnti lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, allir starfsmenn.
- 14. desember: Bekkjarfundanámskeið frá MSHA, allir kennarar.
- 11. janúar: Bekkjarfundanámskeið frá MSHA, allir kennarar.
- 23. janúar: Kennsla á blindraletursvél frá Samskiptamiðstöð, 4 starfsmenn.
- 9. febrúar: Næringarfræðingur með fræðsluerindi, nokkrir starfsmenn.
- 16. febrúar: Samskipti, liðsheild og þrautsegja, Anna Steinssen frá Kvan, 1 starfsmaður.
- 10. mars: Sjúk ást, fræðsluerindi, 1 starfsmaður.
- 20. mars: Fræðsla um úthlutun og ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla, 1 starfsmaður.
- 13. apríl: Erindi frá ADHD samtökunum: ADHD og skólinn. Allir starfsmenn.
- 4. maí: Sterk liðsheild, menning og viðhorf, Bogi Hallgrímsson frá Kvan, 1 starfsmaður.
- Byrjendalæsi á skólaárinu; 2 starfsmenn í grunnnámi og 1 í leiðtoganámi.
- Menntaflétta, fjölbreytni og farsæld, 1 starfsmaður.
- Innleiðing farsældar í Hvalfjarðarsveit, 3 starfsmenn sátu í vinnuhópi sem fundaði reglulega frá áramótum.
- 15. maí: Fræðsla um úthlutun og ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla, 1 starfsmaður.
- 4. – 8. júní: Náms- og kynnisferð starfsmanna til Berlín, skólaheimsóknir í tvo skóla og fræðsla um þriðja ríkið.

5 Áherslur vetrarins 2022-2023

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun, en skólanámskráin var ekki uppfærð á skólaárinu.

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra>

5.2 Umhverfismennt

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar hefur verið í mörg ár þátttakandi í Grænfánaverkefni. Hér má sjá yfirlit yfir hvað var gert á skólaárinu á hvoru sviði fyrir sig varðandi umhverfismennt.

Umhverfismennt í Skýjaborg 2022-2023

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru haldnir fjórir fundir í umhverfisnefnd barna og tveir í umhverfisnefnd starfsfólks. Að auki var ýmislegt annað brallað tengt umhverfismennt sem ekki var skráð í fundargerðir.

Í haust tók við nýr verkefnisstjóri Grænfánans, Karina A. Podlowska. Tekin var staðan í upphafi hausts, hvaða markmið þurfti að vinna með í vetur og hvaða markmið við mögulega þyrftum að leggja til hliðar til að geta sinnt öllu vel. Mikil vinna starfsfólks fór í að klára vinnu við þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun í mál og læsi fyrir áramót svo lítil vinna við markmið Grænfánans fór af stað. Í janúar var rætt við börnin um matarsóun og um mikilvægi þess að skammta sér minna á diskinn og fá sér frekar aftur.

Í mars voru útbúnir fánar og velkomin skilti á þeim tungumálum sem tengjast leikskólanum, en þau eru Pólland, Bandaríkin, Danmörk, Færeyjar, Noregur, Ísland og Svíþjóð. Hanga skiltin og fánarnir í fataherbergi Regnbogans.

Í apríl var farið heimamenningarvinnu. Börnin völdu sér karton sem þau fóru með heim og útbjuggu veggspjald með foreldrum sínum um það sem þau vildu sína að heiman. Börnunum þótti þetta mjög skemmtileg vinna og höfðu gaman af því að skoða veggspjöld hvors annars. Hugmynd kom svo frá börnunum að gaman væri ef starfsmenn myndu líka útbúa heimamenningar-veggspjald svo þau gætu séð hvernig væri hjá þeim. Starfsfólkið framkvæmdi að sjálfsögðu þessa góðu hugmynd og útbjó einnig veggspjald fyrir sig. Einnig langaði börnunum að sjá hjá litlu börnunum á Dropanum og var þeirri hugmynd komið áfram til starfsmanna Dropans, en ekki hefur verið farið í það.

Í apríl settu börnin niður sólblómafræ, hvert setti eitt fræ í skyrdollu. Hvert barn fékk svo það verkefni að hugsa um sína plöntu með því að passa upp á að vökva reglulega og skrá á þar til gert eyðublað. Í sumar fara svo börnin með sína plöntu heim.



Á degi Umhverfisins var haldinn fundur með elsta árganginum í leikskólanum um flokkun á rusli og hvað brotnar niður í náttúrunni og hvað ekki. Börnin voru virk og áhugasöm um málefnið og vissu mikið. Farið var í plokunarferð um hverfið þennan dag og plokka rusl var ákveðið með barnahópnum að gera smá tilraun. Grafin var hola og bananahýði sett ofan í hana. Börnin komu með þá tilgátu að bananahýðið yrði að mold. Önnur hola var grafin og plast sett ofan í hana. Börnin komu með þá tilgátu að það væri slæmt fyrir náttúruna. Við ætlum að skoða þetta fyrir sumarfrí og sjá hvað hefur gerst og hvort tilgáturnar standist. Nánar má lesa um þennan skemmtilega dag hér: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/frettir/dagur-umhverfisins-25-april>.

Í vetur skiptum við út handklæðum og pappírspurrkum fyrir fjölnota handpurkkur og kemur það vel út. Matráðurinn okkar er hönnuðurinn af handpurkkunum. Hún klippti niður handklæði í ákveðna stærð og sikk-sakkaði endana.

Í allan vetur höfum við haldið áfram frá fyrra ári að syngja á fjölbreyttum tungumálum í söngstundum. Farið hefur verið frekar óreglulega í göngu og/eða vettvangsferðir í nærumhverfi leikskólans. Hugarfrelsisstundum var skipt út fyrir hvíldarstundir eftir hádegisverðinn. Starfsfólkið var að koma vinastundum inn í sína rútínu og skipulagningu og var það nóg að vinna með. Börnin una sér einnig vel í hvíldarstundunum og ná góðri hvíld. Börnin eru með vatnsbrúsa að heiman og gengur það samstarf vel.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, maí 2023

Umhverfismennt í Heiðarskóla 2022-2023

Á skólaárinu varð sú breyting á fyrirkomulagi í umhverfisteypinu að þrír umsjónakennarar, einn af hverju stigi, skiptu með sér ábyrgð á umhverfisvinnu skólans í stað eins kennara áður. Umhverfisteypmi ársins var skipað af Sigríði Láru, skólastjóra, Sigurði Þ., aðstoðarskólastjóra, Örnu Kristínu, umsjónakennara á unglingastigi, Sigurði T., umsjónakennara á miðstigi og Þórdísi, umsjónakennara á yngsta stigi. Samstarf teymisins var mjög gott og eru miklir kostir þess að hafa umsjónakennara á hverju stigi ábyrga fyrir vinnu í Grænfánaverkefninu, betri yfirsýn kennara og eftirfylgni með verkefnum á hverju stigi.

Í september er umhverfisnefnd skólans valin og í ár sátu í henni: Emilía Ósk, Reynir Snær, Hafsteinn Hrafn, Ísabella Rós, Þóra Kristín, Valgarður Orri, Maron Logi, Matthildur Svana, Lára, Berglind Ýr, Aldís Tara, Arna Kristín, Siggi T, Sigríður Lára og Þórdís.

Umhverfisteymi hittist að minnsta kosti einu sinni í mánuði á skólaárinu og undirbjó fundi umhverfisnefndar Heiðarskóla og hélt utan um viðburði sem umhverfisnefndin ákvað að haldnir yrðu.

Hefð er fyrir mörgum dögum í Heiðarskóla sem tengjast umhverfismennt t.d. haust og vorferðir nemenda sem farnar eru. Í ár fór yngsta stigið í Ölver að hausti og í Vatnaskóg að vori. Miðstigið fór í fjallgöngu á Snók í haust og í siglingu um Faxaflóa í vor. Unglingastigið gisti í Skorradal í haust og 9. og 10. bekkur fór til Brighton í vor þar sem m.a. var kennsla í skógi einn dag.

Skólinn tekur þátt í ýmsum samfélagsverkefnum eins og Ólympíuhlaupi ÍSí, söfnunarhlaupi UNICEF og jól í skókassaverkefni Rauða krossins og söfnuðust 8 skókassar með gjöfum handa börnum í Úkraínu.

Lýðheilsa var valið þema skólaársins og hófst það formlega í þemaviku í október þar sem nemendur fóru m.a. á fjölbreyttar stöðvar í skólanum þar sem ólík nálgun var á lýðheilsu með áherslu á að finna verkefni sem veita okkur gleði. Í vetur var svo fyrirlestur frá næringafræðingi, hjúkrunafræðingur hefur verið með fasta viðveru vikulega í skólanum og sinnt mikilvægri fræðslu, allir starfsmenn fengu fræðslu um vináttuverkefnið Blær, spilavinir komu í heimsókn og foreldrar fengu fræðslu um virðingarríkt uppleði og hvernig nálgast megi samtal um kynlíf við börn og unglinga.

Nemendur á yngsta stigi unnu verkefni um sitt nærumhverfi í vetur sem fékk heitið „Líf í Hvalfjarðarsveit“ þar sem þau fengu fræðslu um sögu sveitarfélagsins, mikilvæga innviði og náttúru og dýralíf. Á unglingastigi var unnið verkefni um sjálfbærni sem tók mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Dagur náttúrunnar. Farið var í skógræktina í Brynjudal og dvalið þar allan skóladaginn við leik og störf.

Dagur umhverfisins. Farið var í fjöruna við Hafnarskóg þar sem yngsta- og miðstig plokkuðu og léku sér og unglingar gengu að Höfn. Eftir hádegi var útidagur í Heiðarskóla þar sem yngsta stigið plokkaði á skólalóðinni.

Survivor. Farið var í Álfhólsskóg þar sem nemendur leystu verkefni á stöðvum í aldursblönduðum hópum. Verkefni ársins var að hanna flugdreka.

Matarsóunarvika er tvisvar á ári þar sem nemendur skoða sérstaklega það sem ekki borðast af diskum og fylgjast með magni þess matar sem fer í rusl.

Gróðursetningadagur. Öll stig gróðursetja tré í gróðurreitinn okkar norðan við skólann og yngsta stigið setur niður kartöflur.

Hjólamánuður er í maí þar sem nemendur mega koma með hjól, línuskauta, hjólaskauta, hlaupahjól eða hjólabretti í skólann.

Sótt var um grænfána í 8. skipti í vor og var honum flaggað 1. júní.

Arna, Siggi T og Þórdís júní 2023.

5.3 Skólasamstarf

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk og starfsmanns í Skýjaborg

Í vetur var undirrituð í 20% stöðu við leikskólann á móti umsjónarkennslu 1. og 2. bekkjar við grunnskólann. Fyrir áramót voru helstu verkefni í leikskólanum vinna við þróunarverkefnið „Læsi til framtíðar“ sem stýrt er af Menntamálastofnun og byggir á fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks leikskóla um snemmtæka íhlutun með áherslu á mál og læsi og handbókagerð. Verkefnið var unnið ásamt þeim Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi og faglegs ráðgjafa verkefnisins og Halldóru Guðlaugu Helgadóttur, leikskólaráðgjafa og verkefnastjóra hjá Menntamálastofnun. Á haustönn var fundað bæði með ráðgjöfum í leikskólanum og á fjarfundum sem og að þær komu í tvígang í leikskólann með fræðslu. Handbókin var gefin út í janúar 2023.

Ég hitti börn í elsta árgangi leikskólans á þeim dögum sem ég var í leikskólanum og vann með þeim ýmis verkefni í mál og læsi.

Skólasamstarf elstu barna og leikskólans var með hefðbundum hætti á skólaárinu. 1. bekkur heimsótti leikskólann 3 sinnum á haustönn, ein skipulögð leikheimsókn, ein heimsókn þar sem fyrirhugað var að koma á jólaleikrit en leikari forfallaðist á síðustu stundu og síðan á jólaleikritið. Sameiginlegar ferðir elsta árgangsins í leikskólanum og 1. bekkjar voru tvær, önnur í skóginn við Furuhlíð í september og hin í fjöruna við Belgsholt í apríl. Börnin voru með sameiginlegt söngatriði sem sýnt var á Fullveldishátíð sem haldin var í Heiðarskóla 1. desember. Elstu börnin í leikskólanum komu í Heiðarskóla í skólasamstarf 12 sinnum á skólaárinu og hittu nemendur á yngsta stigi eftir því sem tími gafst til inni og úti.

Vorskóli verðandi 1. bekkinga var 2.- 4. maí. Ákveðið var að hafa ekki foreldrafund fyrir vorskólann að þessu sinni og geyma það til haustsins en ég bæði hitti foreldra í leikskólanum og tók spjall um vorskólann eða hringdi ef ég náði ekki að hitta foreldra þar. Vorskólinn gekk vel í alla staði. Elsti hópur leikskólans var með 1. bekk í stofu og fylgdi stundatöflu þess hóps í 3 daga.

Greinilegt er að skólasamstarf hefur skilað sér í miklu öryggi verðandi grunnskólanemenda þar sem þau þekkja vel skólahúsnæði, skólalóð, starfsfólk sem og þau hafa haldið tengslum við samnemendur sína og kynnst hefðum og venjum sem gilda í grunnskólanum. Einnig gefst gott tækifæri fyrir starfsmann að kynnast foreldrum barnanna betur þar sem hann hittir þá í leikskólanum í hverri viku.

Þórdís Þórisdóttir, maí 2023

Skýjaborg í unglingasmiðju Heiðarskóla

Skýjaborg tók á móti unglingum úr Heiðarskóla í unglingasmiðju. Þá mættu nemendur í eitt skipti einn seinnipart frá 14:00-16:30 í Skýjaborg. Þeir byrjuðu á því að fá kynningu á leikskólastarfi frá mér og svo fóru þeir inn á aðra hvora deildina eftir þeirra vali. Þetta samstarf gekk vel.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, júní 2023

6 Mat á skólastarfi

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla ber að framkvæma innra og ytra mat í skólum. Tilgangur mats er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra mat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Innra mat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Ytra mat er framkvæmt annars vegar af fræðslunefnd og hins vegar af mennta- og menningarmálaráðaneytinu.

6.1 Innra mat

Innra mat var unnið samkvæmt áætlun skólans og í kjölfarið gerð umbótaáætlun fyrir hvort svið fyrir sig. Niðurstöður matsins og umbótaáætlun er birt í sjálfsmatsskýrslum sviðanna (Sjálfsmatsskýrsla Skýjaborgar er inn í starfsáætlun Skýjaborgar).

6.2 Ytra mat

Ekkert ytra mat fór fram á árinu.

7 Nám og kennsla

Í þessum kafla er farið yfir fjölda barna, nám og kennslu í gegnum skýrslur og helstu daga og viðburði á árinu.

7.1 Fjöldi barna í Heiðarskóla

Í upphafi skólaárs var 91 nemandi skráður í Heiðarskóla og 91 í lok skólaársins. Fjöldi nemenda í bekkjum var eftirfarandi:

Bekkur/árgangur	Í upphafi skólaárs	Í lok skólaárs
1. 2016	8	7
2. 2015	4	4
3. 2014	16	16
4. 2013	10	10
5. 2012	5	5
6. 2011	7	8
7. 2010	11	12
8. 2009	10	9
9. 2008	10	10
10. 2007	10	10

Teymiskennsla í skólanum einkennist fyrst og fremst af samvinnu og sameiginlegri ábyrgð kennara um nám og kennslu nemenda. Kennt var í þremur teyllum:

- Yngsta stig 1. – 4. bekkur, kennt var að mestu í þremur námshópum, 1. og 2. bekkur, 3. bekkur og 4. bekkur. Umsjónarkennarar: Þórdís Þórisdóttir og Heiða Arnþórsdóttir, Sigurður Sigurpórsson kom einnig að kennslu í 4. bekk.
- Miðstig 5. – 7. bekkur. Umsjónarkennarar: Sigurður Tómasson og Sóley Bára Bergsteinsdóttir.
- Unglingastig 8. – 10. bekkur. Umsjónarkennarar: Berglind Bergsdóttir og Arna Kristín Sigurðardóttir.

7.2 Fjöldi barna í Skýjaborg

Í Skýjaborg voru börnin í upphafi skólaárs 33 og 40 í lokin. 3 börn hófu leikskólagöngu sína í Skýjaborg haustið 2022. 7 börn hófu leikskólagöngu í Skýjaborg á miðju skólaári. 3 börn hættu á skólaárinu í lok apríl (hinnan sviga í töflunni hér fyrir neðan). Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig staðan var í upphafi og lok skólaárs á milli árganga.

Dropinn: 11-16 börn á aldrinum 1-3 ára. Deildarstjóri Agnieszka Aurelia Korpak út nóvember. Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir frá desember.

Regnboginn: 22-24 börn á aldrinum 3-6 ára. Deildarstjóri Bára Tómasdóttir.

Árgangur	Alls haustið 2022	Alls vorið 2023
2017	11	11
2018	5	5 (4)
2019	6	6 (5)

2020	9	10
2021	2	2
2022		6 (5)

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – kl. 16:30. Foreldrar geta valið um að hefja dvöl barnanna milli kl. 7:30 – 9:00. Leikskólinn er gjaldfrjálss milli kl. 9:00 og 14:00. Meðaldvalartími barna í leikskólanum var 7,95 klst. daglega, reiknað í mars (eitthvað breytilegt eftir mánuðum). Í maí var meðaldvalartími barna komin í 8,07.

7.3 Sameiginlegar skýrslur 2022-2023

Sameiginlegar skýrslur frá starfsfólki Leik- og grunnskóla koma hér undir. Skýrslu umsjónarkennara í 1. Bekk og starfsmanns í Skýjaborg má finna undir kaflanum Skólasamstarf hér fyrir ofan.

Skýrsla sérkennara 2022-2023

Heiðarskóli:

Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í samræmi við námsþarfir hvers nemanda.

Sérkennslu sinna Ólöf Guðmundsdóttir og Sigrún Vigdís Gylfadóttir.

Ólöf er í 100% starfi og hefur umsjón með stoðþjónustu á yngsta stigi og er einnig einn dag í viku í leikskólanum Skýjaborg.

Sigrún Vigdís er einnig í 100% starfi og hefur umsjón með stoðþjónustu á mið- og unglingastigi.

Auk þess koma stuðningsfulltrúar að námsaðstoð og annarri þjónustu við nemendur á öllum skólastigum.

Aðaláhersla námslegs stuðnings er að mestu leyti á lestur, íslensku, stærðfræði og félagslegan stuðning í formi samtala og fleiri úrræða.

Á yngsta stigi (1.-4. bekkur) var áherslan lögð á lestrar- og læsistengd verkefni og í stærðfræði áhersla á tölur, talnaskilning og aðferðir. Nemendur fara til sérkennara ýmist einir eða í litlum hópum. Einnig starfar sérkennari með nemendum inni í kennslustundum, allt eftir því hvað hentar best hverju sinni. Námsver er ekki til staðar á yngsta stigi.

Á mið- og unglingastigi eru námsver sem gera nemendum kleift að vinna verkefni eða áætlun í smærri hópum eða einstaklingslega með yfirumsjón sérkennara og/eða stuðningsfulltrúa.

Sérkennsla:

Markmið með sérkennslu er að sinna öllum nemendum eins og kostur er, mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur hverju sinni náms- og félagslega og að nemendur fái kennslu við sitt hæfi. Þegar þau almennu námsmarkmið, námsefni og námsaðstæður sem eru í skólanum henta ef til vill ekki öllum nemendum, þarf að leita allra leiða til að mæta viðkomandi sem best. Tímabil stuðningsþarfa við

nemendur getur verið allt frá nokkrum vikum, til alls skólaársins. Nemendur með frávík í námi fá aðlagð námsefni og/eða stuðning, innan sem utan bekkjar. Í sumum tilvikum nægir að styðja vel við nemendur með aðlögun á námsefni og aðlögun á námsaðstæðum svo þeir geti haldið í við bekkjarfélaga þrátt fyrir að fara aðeins hægar yfir. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að nemendum líði sem best í skólanum og séu öruggir í aðstæðum, vinni verkefni við hæfi og geti þar með þroskast og dafnað sem sjálfstæðir, glaðir og sjálfsöruggir einstaklingar.

Sérkennslan er ekki bundin við neitt eitt rými eða neina eina aðferð, heldur fer hún fram þar sem nemendum líður best og er unnin á þann hátt sem talið er henta hverjum og einum nemanda. Unnið var til dæmis í litlum hópum, einstaklingslega, í námsverum á mið-og unglingastigi, bekkjarstofum og þar sem nemendur eru hverju sinni. Nemendur unnu á sínum forsendum, á sínum hraða og í minna áreiti, en með því er komið til móts við þarfir nemenda.

Sérkennarar halda utan um trúnaðargögn er varða nemendur og leggja fyrir ýmis próf og skimanir ásamt lestrargreiningum og úrvinnslu úr þeim eftir þörfum. Leitast er við að vera í góðri samvinnu og samstarfi við foreldra, umsjónarkennara, sálfræðing, félagsmálastjóra, talmeinafræðing, ásamt öðru starfsfólki skólanna. Sækja einnig um stuðningsúrræði/undanþágur fyrir nemendur í samvinnu við skólastjórnendur, foreldra/forsjáaraðila og umsjónarkennara. Halda utan um skipulag sérkennslu, teymisfundir og leggja til faglega þjónustu en ákvörðun og ábyrgð á sérkennslu innan skólans er skólastjóra.

Teymisfundir eru haldnir að meðaltali tvisvar á hverri önn hjá þeim nemendum sem tengdir eru félagsþjónustu og öðrum þjónustustofnunum utan sveitafélagsins að auki funda teymi eftir þörfum vegna annarra nemenda ásamt umsjónarkennurum og öðrum utanaðkomandi sérfræðingum þegar þörf er á.

Skýjaborð:

Sérkennari var einn dag í viku í leikskólanum. Vinna sérkennara fór fram á báðum deildum í samstarfi við deildarstjóra og leikskólasérkennara þar sem unnið var í samvinnu með áætlanir og skipulag. Auk þess sem samstarf er við aðra starfsmenn leikskólans, talmeinafræðing og sálfræðing.

Starf sérkennarans fólst aðallega í því að koma auga á, efla og þjálf þá þætti sem hindra nemanda í að ná fullri færni og þar með auka lífsgæði hans. Margvíslegum aðferðum við stuðning, kennslu og þjálfun var beitt ásamt leikjum og sögugerð því um fjölbreyttan hóp og misjafnar þarfir nemenda var að ræða. Markmiðið var að auka orðaforða, máltjáningu, málvitund og þá þætti sem geta eflt þroska, hljóðkerfis- og hljóðavitund, ásamt því að vinna með tölur, stærðir, form, fín-og grófhreyfingar ásamt hegðun. Ýmist voru vinnustundirnar þannig að unnið var maður á mann, með 2-3 börn í sérými, hóp í alými eða útiveru.

Helstu skimanir í leikskólanum eru:

Hljóm-2 er mælir hljóðkerfisvitund og er tekið hjá börnum sem eru í elsta árgangi leikskólans.

- Smábarnalistinn
- Íslenski þroskalistinn.
- Orðaskil.

- TRAS.
- AEPS.
- ABLLS-R.
- Told-2P.
- MOT. (hreyfiproskaath).
- Athugun á hljóðkerfisvitund (5-7 ára).
- Mio- skimun á fjölda og talnaskilningi ofl. hugtökum.
- Ásamt öðrum óstöðluðum matstækjum og óformlegum athugunum (áhorf og viðtöl) til að meta stöðu og framfarir barnanna.

2. júní 2023 Ólöf Guðmundsdóttir og Sigrún Vigdís Gylfadóttir

7.4 Skýrslur Heiðarskóla 2022– 2023

Skólastjóri óskar eftir skýrslum/samantekt frá hverju teymi fyrir sig, náms- og starfsráðgjafa, starfsfólki á bókasafni, í tómstund og frístund, tölvuumsjónarmanni og matráði.

Teymisskýrsla yngsta stigs vorið 2023

Grunnupplýsingar: Í teyminu voru tveir umsjónakennarar, Heiða Arnþórsdóttir og Þórdís Þórisdóttir. Heiða kenndi 26 kennslustundir og Þórdís kenndi 23,5 kennslustundir. Auk þess kenndu Sigurður Þ. Sigurþórsson 11,5 kennslustundir, Katrín Rós Sigvaldadóttir 4 kennslustundir. Tveir stuðningsfulltrúar fylgdu 3. bekk og einn stuðningsfulltrúi fylgdi 4. bekk. Stuðningsfulltrúar yngsta stigi voru Guðjón Jósef Baldursson, Anna Guðrún Guðnadóttir og Anna Rún Þorvaldsdóttir. Skólaliði á yngsta stigi var Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir. Sérkennari á yngsta stigi var Ólöf Guðmundsdóttir.

Skipulag innan teymis: Þórdís sá um kennslu í helstu námsgreinum í 1. og 2. bekk. Í 3. bekk sá Heiða að mestu um kennslu í helstu námsgreinum og Heiða og Sigurður Þ. skiptu með sér kennslu í 4. bekk. Þórdís sá um kennslu í náttúrufræði í 4. bekk. Katrín Rós sá um lífsleiknikennslu á stiginu og Erna Rafnsdóttir og Máni Björgvinsson sáu um list- og verkgreinakennslu. Sólrún Sigþórsdóttir sá um íþrótt- og sundkennslu á stiginu. Þórdís var í leikskólanum á fimmtudögum og Ólöf var í leikskólanum á miðvikudögum.

Helstu verkefni/þemu:

1. – 2. bekkur:

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Þorri, jól, páskar
- Heimsmarkmiðin
- Árstíðir
- Þjóðsögur og ævintýri
- Komdu og skoðaðu hafið, komdu og skoðaðu líkamann
- Fullveldishátið

3. – 4. bekkur:

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

- Komdu og skoðaðu landið okkar
- Komdu og skoðaðu himingeiminn
- Komdu og skoðaðu líkamann
- Árshátíð

Sameiginleg þemu:

- Lýðheilsa
- Líf í Hvalfjarðarsveit

Kennsluhættir: Fjölbreyttir kennsluhættir notaðir. Má þar nefna aðferðir Byrjendalæsis, Leikur að læra og verklega kennslu. Töluvert var unnið með námsefni í gegnum leik og spil og útinám að hausti og vori.

Upplýsingaflæði: Upplýsingaflæði milli starfsmanna á yngsta stigi var gott. Reglulegir teymisfundir kennara og sérkennara voru vikulega fram í desember en þá var farið í teymiskennsluverkefni með MSHA og allir starfsmenn á stiginu fengu vikulegan fundartíma. Tvisvar á skólaárinu voru fundir með öllum sem komu að nemendahópnum.

Reglulegir teymisfundir með öllum starfsmönnum á stiginu hafa hjálpað til við að allir séu vel upplýstir um þær áherslur sem eru í starfinu hverju sinni, um skipulag og nemendamál. Vikupóstar kennara til foreldra eru einnig sendir á alla starfsmenn á stiginu.

Náms- og kennsluáætlanir: Námsskipulag tók mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og áhersluatriðum í skólanámskrá Heiðarskóla. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem á því þurftu að halda.

Sérstaða skólans:

- Uppeldi til ábyrgðar: unnum bekkjarsáttmála, mitt og þitt hlutverk og nemendur unnu ýmis verkefni í Lífsleikni. Kennarar fóru á bekkjafundanámskeið og voru nokkrir bekkjafundir haldnir í hverjum námshópi.
- Umhverfismennt: Mörg fjölbreytt verkefni unnin t.d. í gegnum þemu, útikennslu og með sérstökum verkefnum tengdum náttúru og umhverfi. Áhersla á lýðheilsu var í grænfánaverkefninu og voru mörg verkefni tengd tilfinningaþekkingu og hollustu og heilbrigði unnin á stiginu. Þemaverkefni unnið um Hvalfjarðarsveit.
- Gildi skólans: Gildi skólans voru höfð til hliðsjónar við skipulag alls náms og unnið sérstaklega með þau í lífsleikni.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Þættir eins og heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, jafnrétti og köpun fléttuðust víða inn í kennsluna og sérstaklega fjallað um í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Áhersla á læsi og lestrarfærni var mikil í skólanum og því fylgt eftir með fræðslu til foreldra og fjölbreyttum heimalestrarverkefnum. Samvinna við heimilin hvað varðar læsi var á heildina litið til fyrirmyndar en í einstaka tilvikum verulega ábótavant. Unnið var sérstaklega með lykilhæfni í nokkrum völdum verkefnum þar sem nemendur unnu þvert á námshópa.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Fljótt og vel var brugðist við ábendingum er varðaði skipulag og utanumhald á yngsta stigi. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri komu einu sinni í heimsókn til að taka út kennsluhætti, skólastjóri kom reglulega inn til að sinna virku upplýsingaflæði og aðstoðarskólastjóri sinnti bekkjakennslu á stiginu og var því vel inni í skipulagi kennslu. Tveir kennarar sátu í leiðtogateymi í teymisvinnuverkefni á vegum MSHA og fengu ýmsar bjargir og ráðgjöf varðandi skipulag og uppsetningu teymisfunda ásamt verkfærum til að greina og leysa vanda er upp kann að koma í skólastarfi.

Samstarf við önnur teymi: Lítið reglulegt samstarf var við önnur teymi. Miðstignemendur komu einu sinni og aðstoðuðu við kennslu og nemendur á unglingastigi komu í starfskynningu á yngsta stig.

Vettvangsferðir:

Sameiginlegar ferðir:

- Haustferð í Ölver
- Vorferð í Vatnaskóg
- Haustferð með skólanum í Brynjudal
- Vorferð með skólanum í Álfhólsskóg, Survivor dagur

1.bekkur:

- Fannahlíð í haust með leikskólanum og í fjöruferð í Belgsholt að vori.
- Heimsóknir í Skýjaborg að hausti og á jólaaleikrit.

3. bekkur:

- Heimsókn í Skýjaborg, lestur fyrir leikskólabörn
- Heimsókn og fræðsla frá slökkviliðinu

Gestir og fyrirlesarar: Bjarni Fritzson las fyrir nemendur úr bókum sínum.

Ábendingar: Útlit er fyrir að árgangur 4. bekkjar verði mjög fjölmennur á næsta ári sem og yrði námshópur 1. og 2. bekkjar saman mjög stór og er því lagt til að áfram verði haldið með þriggja hópa skiptingu námshópa á yngsta stigi á næsta skólaári, 1. bekkur, 2. og 3. bekkur og 4. bekkur. Í vetur voru tvær hringekjur fyrir 3. og 4. bekk sem við teljum vera of mikið fyrir nemendur á yngsta stigi og óskum eftir því að einungis verði ein hringekja í þeirra stundatöflu ef því verður viðkomið.

Lokaorð: Skólaárið hefur gengið að mestu leyti mjög vel. Vel hefur tekist að koma til móts við ýmsar og ólíkar þarfir nemenda sem hefur skilað sér í auknum framförum þeirra.

Pórdís Þórisdóttir og Heiða Arnþórsdóttir maí 2023.

Teymisskýrsla miðstigs vorið 2023

Grunnupplýsingar: Sigurður Hinrik Tómasson (22,75 kest.) og Sóley Bára Bergsteinsdóttir (23 kest.) voru umsjónarkennarar. Katrín Rós Sigvaldadóttir (9,5 kest) kenndi einnig á miðstiginu. Í teyminu voru einnig Sigrún Vigdís Gylfadóttir sem annaðist sérkennslu á stiginu. Halldóra Andrésdóttir, Valdís María Stefánsdóttir og Guðlaug Sara Gunnarsdóttir mönnuðu námsver og voru til stuðnings við einstaka nemendur og hópinn í heild. 23 nemendur hófu nám í 5.-7. bekk á haustönn en 25 nemendur luku námi að vori.

Skipulag innan teymis: Umsjónarkennarar báru sameiginlega ábyrgð á nemendahópum en skipulögðu kennslustundir aðallega í sitt hvoru lagi, en þemu og ákveðin verkefni í sameiningu. Nemendahópnum var skipt á umsjónarkennara fyrir foreldraviðtöl og sú skipting hélt sér út námsárið, þ.e.a.s. sami umsjónarkennari annaðist að mestu foreldrasamskipti og foreldraviðtöl við sinn nemendahóp. Við skiptum hópnum niður í tvær stofur þar sem 5. og 6. bekkur voru saman og 7. bekkur var sér. Að auki vorum við með nemendur með stuðning í náttúrufræðistofu og námsveri.

Teymið hafði fundartíma á þriðjudögum eða á miðvikudögum kl. 13:40. Það sem var öðruvísi á þessu starfsári er að allir sem komu að miðstiginu voru hluti af miðstigsteymi og hittumst við vikulega. Það var mjög gott fyrirkomulag að fá alla að borðinu í málefnum barnanna. Hluti samráðstímans fór í umræður um félagsleg mál nemenda, samskipti innan hópsins og sértæk úrræði. Umsjónarkennarar

hittust að auki eftir þörfum til að skipulegja kennslustundir og námslotur. Samskipti teymisins voru góð. Verkefnum var deilt og unnin í samstarfi. Kennarar komu að kennslu flestra greina en yfirumsjón með fögum var skipt á eftirfarandi hátt:

Íslenska - Sóley

Stærðfræði - Sigurður T.

Enska - Sóley

Danska - Katrín Rós

Lífsleikni - Katrín Rós

Náttúrufræði - Sigurður T.

Samfélagsgreinar - Sigurður T. og Katrín Rós.

Sérkennslumálin voru í góðum höndum þetta árið, en Sigrún Vigdís sá um þau. Hún og Halla (Halldóru Andrésdóttur) stýrðu námsverinu með aðstoð annarra stuðningsfulltrúa.

Verkefni: Fjölbreytt verkefni voru unnin á önninni, bæði verkleg og bókleg. Viðfangsefni námsgreina eru tiltekin í samnefndu skjali. Við höldum áfram að leggja áherslu á lestur í vetur og vorum bæði með daglegan yndislesturstíma í skólanum og svo áttu þau að lesa heima fimm sinnum yfir vikuna. Við unnum lestrarhvetjandi verkefni og lásum bækur saman í samlestri til að auka áhuga nemenda og stuðla að umræðum. Okkur fannst verkefnið *Skólaslit* sérstaklega vel heppnað, annað árið í röð, en þá las Ævar vísindamaður kafla á dag í allan nóvember. Verkefnið var stílað inn á Hrekkjavökuna og efnistökin eftir því; vampírur, uppvakningar og draugar – nemendum fannst þetta ótrúlega skemmtilegt og vonandi að þetta verði endurtekið.

Þema ársins í umhverfismenntuninni var lýðheilsa og unnin voru verkefni tengd þemanu, bæði í bóklegum greinum og list- og verkgreinum. Einnig vorum við með umræður og verkefni um matarsóun á árinu.

Kennsluhættir: Kennsluhættir voru að einhverju leyti fjölbreyttir en auðvitað má alltaf bæta sig og gera betur. Okkur fannst auðveldara að stýra fjölbreyttum verkefnum í minni hópum. Þess vegna gaf góða raun að aldursskipta stiginu og fá þannig fram minni einingar.

Upplýsingaflæði: Kennarar sendu pósta eftir þörfum og í kringum uppbrotsdaga. Á fimmtudögum voru haldnir bekkjarfundir og voru þeir tvískiptir þetta árið, þ.e.a.s. stofuskiptir fundir. Þeir voru markvissari í ár, enda fóru kennarar skólans á námskeið í bekkjarfundahaldi hjá Miðstöð skólaþróunar í vetur.

Náms- og kennsluáætlanir: Kennarar settu upp námslotur í sínum faggreinum. Sett voru upp verkefni innan lotanna og þau tengd við hæfniviðmið og metin. Nemendur fengu áætlanir í íslensku og stærðfræði á pappír og fengu foreldrar eftir þörfum sendar áætlanir í pósti.

Sérstaða skólans:

- **Uppeldi til ábyrgðar:** Við unnum með Uppeldi til ábyrgðar á miðstigi á þessu ári. Bekkjarsáttmáli var gerður og sýnilegur í stofunni.
- **Spjaldtölvur:** Ýmis verkefni unnin á iPad og námsöpp notuð, eins og Kahoot, Duolingo, Minecraft o.fl. Þá voru rafbækur og hljóðbækur notaðar í gegnum iPadinn. Þau gerðu myndbönd og glærukynningar. Einhverjir nemendur tóku meðal annars þátt í

myndbandasamkeppni Siljunnar og notuðust þá við iPadinn til að taka upp og vinna myndbandið sitt.

- **Umhverfismennt:** Fór aðallega fram í þemadögum og –vinnu. Útinámstímar daglega og aukið við þegar tók að vora. Flokkunarfötur í stofum.
- **Gildi skólans:** Gildi skólans höfð að leiðarljósi í leik og starfi.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Við gerðum okkar besta til að hafa lykilhæfni og grunnþætti menntunar til hliðsjónar við skipulag og kennslu.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Við upplifðum góðan stuðning frá stjórnendum við okkar störf. Við upplifðum traust og að á okkur væri hlustað og gátum leitað til stjórnenda eftir ráðgjöf þegar á þurfti að halda.

Samstarf við önnur teymi: Samstarf við önnur teymi var takmarkað og mætti vera mun meira á næsta skólaári.

Vettvangsferðir og viðburðir: Miðstigsleikarnir voru haldnir í upphafi námsársins í Borgarnesi. Við fórum á Snók í haustferð. Sjöundi bekkur fór í Reykjaskóla í febrúar og var það mikið fjör. Í apríl var haldin árshátíð í skólanum og krakkarnir á miðstigi voru með fjölbreytt skemmtiatriði; bæði leikrit og tónlistariatriði. 8. maí fórum við svo suður til Reykjavíkur í fræðslu- og skemmtiferð. Þar var farið í siglingu í boði Faxaflóahafnar og svo á Hvalasafnið. Leið okkar lá því næst á Italiano, pizzastað og enduðum svo í sundlauginni á Álfanesi.

Gestir og fyrirlesarar: Við fengum Jón Jónsson sem óvæntan skemmtikraft til að koma og botna atriðið með krökkunum á árshátíðinni í ár. Það vakti mikla lukku. Eins kom Bjarni Fritzson og las fyrir okkur úr bók sinni um Orra óstöðvandi, bók sem hefur verið mjög vinsæl sérstaklega hjá krökkunum á miðstigi. Það var því mjög skemmtileg heimsókn.

Ábendingar/Niðurstöður

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- **Líðan nemenda og samskipti:** Líðan nemenda var almennt góð og samskiptin framan af skólaári góð á stiginu. Eftir áramót kom upp eineltismál sem er enn verið að vinna í.
- **Smærri námseiningar:** Það hefur reynst vel að skipta stiginu upp í smærri námseiningar og hafa í sitt hvorri stofunni.
- **Sérkennsla:** Sérkennslan hefur verið tekin í gegn og er mun markvissari en áður. Reynslan af bættri aðstöðu í námsveri hefur verið mjög góð. Eins hefur náttúrufræðistofan verið lögð undir sérkennslu og sækja aðrir nemendur líka í aðstoð þangað inn. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og þó nokkrir nemendur sem hafa sérþarfir sem hefur gengið ágætlega að mæta.

Það sem má bæta:

- **Halda áfram frekari innleiðing leiðsagnarnáms** - Við höfum breytt skipulagi í stofunni, bætt sjónrænt skipulag og útbúið námsveggi með viðfangsefnum en mættum vera öflugri í að

skýra nemendum frá markmiðum námsins, koma á námsfélagakerfi og bæta námsmenningu almennt.

- **Úrræði fyrir nemendur vegna hegðunar er brýtur í bága við skólareglur** - Auka þarf stuðning við nemendur með skýrari verkferlum og ramma og betri eftirfylgni.
- **Markviss foreldrasamskipti:** Umsjónarkennarar senda fréttapósta á foreldra eftir þörfum. Virkja foreldra í námi barna sinna.
- **Virkja bekkjarfulltrúana:** Við teljum það nauðsynlegt að virkja bekkjarfulltrúa í að skipuleggja félagsstarf eftir skóla til að bæta og efla samskipti nemenda á miðstigi.

Lokaorð: Veturinn gekk heilt yfir vel, þrátt fyrir samskiptavanda nemenda undir lokin. Þetta var skemmtilegur og fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir.

Sigurður Tómasson og Sóley Bára Bergsteinsdóttir, júní 2023

Teymi unglingastigs vorið 2023

Grunnupplýsingar: Í teyminu voru tveir umsjónarkennarar, Arna Kristín Sigurðardóttir og Berglind Bergsdóttir. Arna Kristín kenndi 20 kennslustundir og Berglind 26 kennslustundir. Auk þess var Katrín Rós Sigvaldadóttir með 6 kennslustundir. Stuðningsfulltrúi unglingastigs var Sigríður Vilhjálmisdóttir og sérkennari var Sigrún Vigdís Gylfadóttir. Aðrir kennarar er komu að unglingastigi voru list- og verkgreinakennarar ásamt íþróttakennara. Nemendur unglingastigs voru 30 í upphafi skólaárs og 29 í lok skólaárs.

Skipulag innan teymis: Arna Kristín og Berglind voru umsjónarkennarar allra nemenda og báru jafna ábyrgð. Arna Kristín tók ábyrgð á kennslu stærðfræðigreina og Berglind tók ábyrgð á kennslu í íslensku og ensku. Sameiginleg ábyrgð var í kennslu samfélags- og náttúrufræðigreina og upplýsinga- og tæknimennt. Katrín Rós sá um kennslu í dönsku og lífsleikni, Sólrún Sigþórsdóttir í íþróttum og sundi, Máni Björgvinsson í tónmennt, smíði og myndmennt og Erna Rafnsdóttir í heimilisfræði og textílmenn. Sigrún Vigdís sá um umsjón í námsveri ásamt Sigríði Vilhjálmisdóttur.

Á þessu skólaári var innleiðing á verkefninu Teymisvinna sem snýst um að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í skólasamfélagið meðal annars með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu og efla dreifða forystu með leiðtogum í teyimum. Það nýttum við okkur á fundum teymisins sem fór fram á miðvikudögum frá 13:40 – 14:10. Fundir voru stuttir og hnitmiðaðir þar sem meðal annars farið yfir fjölbreyttar og gagnlegar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Helstu verkefni/þemu:

- Mannréttindi - samþætting íslensku, samfélagsfræði, lífsleikni og ensku. Unnið var út frá bókinni Vertu ósýnilegur, flóttasaga Ishmaels.

- Mannréttindi - samþætting íslensku, samfélagsfræði og lífsleikni. Unnið var út frá bókinni Akam, ég og Annika. Nemendur unnu ýmis einstaklings- og hópverkefni út frá sögunni.
- Landfræði – Norður Ameríka og Mið Ameríka.
- Kynfræðsla – var kennt í kynjaskiptum hópum.
- Kynjafræði – jafnrétti, einn af grunnþáttum menntunar, samfélagsfræði.
- Upplýsinga – og tæknimennt.
- Lýðheilsa - Nemendur unnu ýmis verkefni yfir skólaárið tengd þessu þema.
- Verður heimurinn betri - þema tengt umhverfismennt og grunnþáttum menntunar um sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og heilbrigði og velferð.

Kennsluhættir: Notast var við fjölbreytta kennsluhætti. Töluverð áhersla var á að kenna nemendum sjálfstæði í námi og farið var í að innleiða leiðsagnarnám þar sem nemendur og kennarar hafa vaxandi hugarfar, trú á sjálfum sér, hæfni til að greina eigin námsvitund og tækifæri til að taka meiri framförum. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir skólaárið í formi fjölbreyttra verkefna og prófa.

Hópnum var í upphafi kennt saman í einni stofu, síðan var stofunum skipt upp í tvær og hópunum skipt eftir bekkjum. Prófuðum að hafa 8. bekk sér í stofu og einnig prófuðum við að hafa 10. bekk sér í stofu. Báðar útfærslur gengur vel upp.

Upplýsingaflæði: Upplýsingarflæði til foreldra og nemenda fór að mestu fram í Mentor og með tölvupósti. Upplýsingarflæði milli starfsmanna á unglingastigi fór fram á vikulegum teymisfundum þar sem leitast var við að fá alla starfsmenn sem komu að stiginu saman.

Náms- og kennsluáætlanir:

Námsskipulag tók mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og áhersluatriðum í skólanámskrá Heiðarskóla. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem á því þurftu að halda.

Sérstaða skólans:

- Uppeldi til ábyrgðar: Við gerðum bekkjarsáttmála og forum í vinnu tengdu Uppeldi til ábyrgðar samhliða honum. Vikulegir bekkjarfundir.
- Fartölvur til afnota fyrir alla nemendur í unglingadeild. Töluvert mikið notaðar.
- Umhverfismennt: Umhverfismennt er sinnt vel í skólastarfinu að mestu leiti í þemavikum og skipulögðum þemadögum er snúa að umhverfismennt.
- Gildi skólans: Við leitumst við að vinna með gildi skólans í daglegu starfi okkar í unglingadeild. Við reynum að fá nemendur til að sýna virðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum og sýna metnað í leik og starfi. Við vorum með aukið átak í samvinnu allra nemenda sem gaf mjög góða raun fyrir nemendahópinn. Við vorum einnig fljótur að bregðast við þegar upp komu mál þar sem vellíðan nemenda var í húfi.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar:

Við gerðum okkar besta til að hafa lykilhæfni og grunnþætti menntunar í huga við skipulag og kennslu.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf:

Við upplifðum góðan stuðning frá stjórnendum við okkar störf. Við upplifðum að okkur væri treyst til að sinna okkar störfum og gátum leitað til stjórnenda eftir ráðgjöf þegar þurfti.

Samstarf við önnur teymi:

Lítið var um samstarf við önnur teymi á þessu skólaári. Oft hafa unglingar og nemendur á yngsta stigi verið í einhverju samstarfi yfir veturinn og það væri gaman að halda því áfram á næsta skólaári.

Vettvangsferðir:

- Haustferð - gönguferð inni í Skorradal. Við gistum í Skátaskálanum í Skorradal.
- Skólabúðir á Laugavatni - 9. bekkur og Berglind fóru á Laugarvatn í október.
- 9. og 10. bekkur fóru til Brighton dagana 23. – 27. maí, Arna, Berglind og Sigrún fóru með hópnum.
- 8. bekkur fór í lokaferð til Rvk, Skopp, Italiano og sundferð.

Aðrar ferðir á vegum skólans:

- Tæknimessa FVA og iðnfyrirtækja.
- Skíðaferð í Bláfjöll

Viðburðir:

- Jólsen - jólsen mótið
 - Allir nemendur unglingadeildar tóku þátt í Jólsen – jólsen (ólsen – ólsen). Vanalega er mótið haldið á litlu jólnum en þar sem þau féllu niður í ár vegna veðurs var mótið haldið í janúar.
- Fullveldishátíð
 - Nemendur unglingadeildar æfðu og sýndu leikrit. Nánast allir tóku þátt í þessu verkefni á einhvern hátt og afraksturinn var fín sýning.
- Kynning á námi í framhaldsskólum
 - Nemendur í 9.-10. bekk fengu kynningu á Menntaskóla Borgarfjarðar annars vegar og FVA hins vegar.

Gestir og fyrirlesarar:

- Sigríður Dögg kynfræðingur kom með fyrirlestur um kynfræðslu.

- Þórunn Rakel Gylfadóttir höfundur bókarinnar Akam, ég og Annika kom með fræðslu um ritstörf.

Ábendingar/niðurstöður:

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- Verkefnaskil og utanumhald á Mentor
- Þemaverkefni
- Námsverið, þar er aukinn stuðningur við nemendur með sértæka námsörðugleika. Sigrún Vigdís og Sigga Vill. sáu um námsverið og gekk það vel. Það skilaði sér í betri stuðningi við nemendur með sértæka námsörðuleika.
- Sérstakur stærðfræðihópur fyrir nemendur sem læra betur í minni hópum með aukna áherslu á innlög, umræður og endurgjöf.
- Vikulegir bekkjarfundir komu vel út og nemendur ávallt spenntir fyrir fundunum. Fundir voru haldnir í síðasta tíma á föstudegi.
- Samstarf innan unglingateymis gekk mjög vel.

Það sem má bæta:

- Google Chrome tölvubúnaður er ekki að nýtast nægilega vel til sértækra verkefna t.d. í töflureikni.

Lokaorð:

Skólastarfið í vetur hefur gengið vel. Samstarf á unglingastigi gekk mjög vel hjá starfsmönnum er komu að stiginu. Náms hópurinn var fjölbreyttur og skemmtilegur. Það tók smá tíma fyrir 8. bekk að venjast nýjum venjum á unglingastigi en það lagaðist þegar líða tók á haustönnina. Reynt var að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda og spilaði námsverið þar stóran þátt. Við teljum mjög mikilvægt að námsverið haldi áfram í óbreyttri mynd, þ.e. að nemendur hafi tækifæri til að nýta sér það þegar þeir hafa þörf fyrir meira næði frá hópnum. Á heildina litið góður vetur að baki.

Arna Kristín Sigurðardóttir og Berglind Bergsdóttir, júní 2023

Skýrsla List- og verkgreinakennara vorið 2023

Grunnupplýsingar

Erna Rafnsdóttir: Heimilisfræði, textíl og val á unglingastigi.

Máni Björgvinsson. Myndmennt, smíði, tónmennt og val á unglingastigi.

Skipulag í teymi:

Skólaárinu var skipt í tvö tímabil. Námsgreinarnar myndmennt og textíl kenndar á haustönn og smíði og heimilisfræði á vorönn. Í tónmennt var 1.-7.b. Allt árið

Við hittumst reglulega til að fara yfir kennsluna og skipuleggja sameiginlega tíma.

Í val kennslu á unglingastigi voru Máni, Erna og Sólrún og skiptu þau hópnum í hópa sem hver og einn valdi. Í boði var listasmiðja, ípróttir, textíll. Í byrjun nóvember voru val tímarnir notaðir í æfingu og annað sem viðkom 1.des skemmtun skólans.

Kennsluhættir:

Kennsluhættir í list- og verkgreinum eru alla jafna mjög fjölbreyttir. Nemendur taka þátt eftir eigin forsendum og útkoman verður oft mjög mismunandi. Við notum oft veraldarvefinn til að afla okkur upplýsinga og hugmynda. Við ræðum t.d. efnisnotkun út frá umhverfissjónarmiðum, við notum sýnikennslu og við leggjum áherslu á að skipuleggja og hanna verkefnið vel áður en verklegi þátturinn fer fram. Í list- og verkgreinum er verkleg vinna alls staðar tengd þekkingu úr öðrum fögum, ekki síst stærðfræði og íslensku.

Upplýsingaflæði:

Upplýsingaflæði er almennt gott.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar:

Í list- og verkgreinum fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska hæfileika, dýpka hann og læra leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Í list- og verkgreinum fá nemendur að vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Þar er markviss þjálfun í hverri námsgrein fyrir sig sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna. Þannig geta nemendur notað öll skilningarvitin og aflað sér þekkingar t.d. í gegnum lestur, hlustun, skoðun, efniskönnun, lykt og smökkun og prófa sig áfram með sínar hugmyndir. Í samspili þarf að fylgja hinum í hópnum, sem hjálpar til við að kenna þeim að taka tillit til hvers annars. Það eitt og sér ýtir undir mannréttindi, jafnrétti og heilbrigð samskipti, auk þess sem sköpunarkrafturinn fær að blómstra.

Stuðningur stjórnenda:

Í vetur höfum við fengið góðan stuðning fyrir nemendur með sérþarfir og/eða hegðunarerfiðleika. Í myndmennta stofunni var aðstaðan til fyrirmyndar og gat hver og einn unnið á sínum forsendum og þeir sem þurftu fengu stuðning. Verkefnin voru í grunnin þau sömu fyrir alla í árganginum, en einhverjir þurftu sér verkefni, og gekk það vel. Sama má segja um smíðastofuna og smíði. Nemendur vinna verkefni eftir sinni bestu getu.

Áherslur skólans:

Umhverfismeðvitund er mikilvægur þáttur í list- og verkgreinum þar sem við kaupum inn efni með ákveðinni sögu (kolefnisfótspor). Við ræðum neyslu okkar og kynnum málefnið við innlögð verkefna. Spjaldtölvur og veraldarvefurinn eru notuð til að afla sér upplýsinga og hugmynda.

Myndmennt – Máni Björgvinsson

Í myndmennt sem var kennt frá ágúst til desember, 1.-9. b. Lögð var áhersla á hver og einn nemandi myndi vinna verkefni á sínum forsendum. Farið var yfir listasögu, kynntir voru fatlaðir listamenn/konur og fengu nemendur að prufa til dæmis að mála með munninum og teikna með lokuð augun. Áherslur á verkefni nemenda lá mikið í áhuga hvers og eins, þó í grunnin væri um sama verkefnið að ræða.

Smíði – Máni Björgvinsson

Í smíðakennslunni í vetur voru áherslur á frumkvæði og að geta smíðað frá hugmynd á blaði í fullklárað verk. Nemendur stóðu sig vel í þeim verkefnum. Í smíði þarf nemandi að hafa verkvit og þolímæði, og hefur það gengið vel í vetur.

Heimilisfræði - Erna Rafnsdóttir

Heimilisfræði hófst eftir áramót. Áhersla var lögð á samvinnu, vandvirkni og sköpunargleði. Breytti aðeins fyrirkomulagi á kennslu hjá nemendum en þau vinna oftast í hópum og matreiðslu stöðvar eru fjórar og hver stöð var skipaður leiðtogi sem að sá um liðið sitt. Það lið sem „vann“ fékk að velja hvað yrði gert í næsta tíma. Með þessu móti var samvinnan, vandvirknin og sköpun í fremsta sæti og nemendur mjög ánægð með þetta fyrirkomulag.

Nemendur fá þjálfun í undirstöðupáttum heimilisstarfa svo að þeir geti tekið þátt í störfum heima fyrir og orðið sjálfbjarga um heimilisrekstur þegar þeir yfirgefa foreldrahús.

Val í heimilisfræði fyrir unglinga var alla þriðjudaga og fengu nemendur frjálssar hendur hvað þau vildu elda/baka hverju sinni.

Textílmennt - Erna Rafnsdóttir

Textílkennsla hófst í haustbyrjun frá leik og list í 1.-2.bekk og svo hefðbundin textílkennsla frá 3.-9.bekk. Í textílmennt er stefnt að því að efla mismunandi túlkunaraðferðir nemenda og jákvætt námsmat á að vera leiðbeinandi, gefa nemendum ábendingar um stöðu sína og veita þeim hvatningu. Eftir páska útbjuggu nemendur 10.bekkjar árbækur og var valtími nýttur í þá vinnu.

Tónmennt – Máni Björgvinsson

Tónmenntakennsla var allt skólaárið. Yngstu krakkarnir fengu að prófa allskonar hljóðfæri, ukulele, áslátt. Mikil áhersla var lögð á hreyfingu og dans. Einnig voru alls konar tónlist spiluð, rapp, rokk, ópera og popp og útskýrt fyrir nemendum allskonar tónliststefnur. Áhersla var lögð á að geta spilað á hljóðfæri og einnig hvernig maður leikur á sviði. Í raun var þetta tónmennt/leiklist. Nemendum var kennt að syngja í míkrafón og nemendur í 5. – 7. bekk æfðu samspil á hljóðfæri. einnig voru kynntar upptökur í tölvu og hvernig maður vinnur hljóð í forriti. Á árs hátíð skólans voru allir nemendur frá 3.-7.b. Saman í einnig sýningu. Stóðu þau sig öll mjög vel og allir ánægðir með sýninguna.

Ábendingar:

Uppfæra þarf hljóðkerfi í sal. Uppfæra potta, pönnur og annan búnað í heimilisfræði.

Erna Rafnsdóttir og Máni Björgvinsson, júní 2023

Skólaíþróttir vorið 2023

Grunnupplýsingar: Sólrún Sigþórsdóttir sá um íþrótt- og sundkennslu á öllum stigum, 25,25 kst., auk 6 leikskólatíma á hvorri önn. Allir bekkir fengu 2 kst. í íþróttum og 1 kst í sundi á viku, nema 1. og 2. bekkur fékk auka sundtíma sem Þórdís Þórisdóttir sá um. Unglingar fengu auka 2 kst í val á viku þar sem íþróttir voru í boði.

Helstu verkefni: Settar voru upp lotur, þemu, þar sem farið var yfir ákveðnar íþróttagreinar, ásamt því voru kenndir fjölbreyttir leikir og æfingar sem reyndu á mismunandi kerfi líkamans. Farið var yfir grunn sundfærni, ásamt því var leitast eftir að bæta tækni, þol og auka vellíðan í vatni. Ákveðinn stígandi var í ákefð og lengd verkefna. Mikil áhersla var á það að nemendur finndu sína hreyfingu sem veitti þeim gleði og áttuðu sig á áhrifum hennar á líkamelega og andlega heilsu

Kennsluhættir: Leitast var við að hafa kennsluhætti eins fjölbreytta og einstaklingsmiðaða og hægt var, með ákveðni um bættan árangur og líkamsástand yfir veturinn. Áhersla var á að virkja þátttöku sem flestra og félagslega blöndun innan hópa, með áherslu á góð samskipti.

Upplýsingaflæði: Upplýsingar bárust vel á milli bygginga, þar sem nokkur fjarlægð er á milli húsa fóru samskipti helst fram símleiðis.

Náms- og kennsluáætlanir: Náms og kennsluáætlanir lágu fyrir á haustönn en tóku þó nokkrum breytingum yfir veturinn. Aðlaganir og útfærslubreytingar komu jafnt og þétt með aukinni reynslu og þekkingu á breyttum nemendahópum frá því í fyrra. Hóparnir voru ólíkir og mis krefjandi, og þar af leiðandi urðu verkefni útfærð öðruvísi með þeim en áætlað var í byrjun. Bæta mætti bóklegu fræðsluna til að uppfylla þau hæfniviðmið en reynt var að uppfylla þau viðmið með samræðum og fræðslu í byrjun eða lok tíma ef vel stóð á sem vó upp á móti.

Grunnþættir menntunar: Eftirfarandi þættir eru til grundvallar í markmiðasetningu fyrir hvern námshóp fyrir sig með aðlögun að þroska og samsetningu hópanna. Matsviðmiðin byggjast á þeim.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: Hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mín á dag eða lengur - Taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir-, líkams- og heilsurækt (íþróttir og sund) með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi - Hafi grunnþekkingu á mikilvægi góðrar næringar og nægum svefni og hvíld.

JAFNRÉTTI: Stundi fjölbreytta hreyfingu án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi - Allir þátttakendur hafi sömu réttindi til þátttöku í íþróttum burt séð frá kyni, aldri, kynþætti og líkamlegu atgervi - Læri að taka tapi og sigri í leik og keppni - Hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: Hafi fengið tækifæri til að velja sér hreyfingu við hæfi, á vegum skólans eða í nærsamfélaginu, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á val á námsþáttum - Hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. 3x í viku í 40 mín í senn.

LÆSI: Fá tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan - Þekki áhrif leikja og þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta, lungu, vöðva og taugakerfi - Þekki heiti helstu líkamshluta - Tileinki sér reglur í leikjum, geti skorið úr ágreiningi sem upp kemur á jákvæðan

hátt - Læri að lesa í aðstæður/umhverfi, náungann og sjálfan sig - Tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja.

SJÁLFBÆRNI: Fá tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg. Þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi og lok reglubundinnar hreyfingar og skilja hvers vegna, þekki eigin takmörk og getu. Hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega og læri að nýta umhverfið til líkams- og heilsuræktar. Sé meðvitaður um gildi æfinga sem stundaðar eru í íþróttatímum

SKÖPUN: Fá tækifæri til að búa til eða hanna reglur/ leik/dans/hreyfingu. Stuðningur stjórnanda: Stuðningur stjórnanda er til staðar, endurgjöf og gott að leita ráða varðandi útfærslur og ráð.

Stuðningur stjórnanda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Stuðningur stjórnanda var alltaf til staðar og auðvelt var að leita þar ráða. Aftur upplifði ég mikið traust til að sinna mínu starfi.

Einstaklingsmiðun: Alltaf er leitast við að breyta og aðlaga æfingar/verkefni að einstaklingum. Öll börn hafa komið í hefðbundnar kennslustundir og þörfum þeirra mætt, það hefur gengið vel og framför verið í hreyfigetu og úthaldi. Einn nemandi fékk nokkra tíma í sérkennslu. Samstarf við stuðningsfulltrúa hefur verið nokkuð og sundkennari fengið hjálp bæði ofaní og á bakka laugarinnar. Leiðbeiningar voru gerðar um æfingar sem hægt var að gera í skólahúsnæðinu (utan íþróttatíma) til að efla hreyfiproska og færni. Komið var til móts við eldri nemendur í sundi þar sem þau þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði sem kom vel út og jók þátttökuna til muna.

Ábendingar: Ég myndi vilja hafa sín hvora námsskránna fyrir sund og íþróttir. Erfitt og leiðinlegt að gefa eina einkunn fyrir báðar greinar, þar sem margir stóðu sig eins og hetjur í íþróttum en mættu illa í sund og hafði það mikil áhrif á loka-einkunn.

Lokaorð: Til að taka saman skólaárið, þá hefur heilt yfir gengið vel. Samskipti við nemendur hafa gengið vel, gleði, mikil útrás og keppnissskap hafa einkennt flesta tíma. Hæfni nemenda var að hluta til metin í tíma, í gegnum leiki og æfingar allan veturinn í bland við stöðluð próf sem reyndu á fjölbreytta hæfni. Áherslur sem hafa má í huga fyrir næsta skólaár er að halda áfram að skerpa á mikilvægi hreinlæti í tengslum við hreyfingu og heilsurækt. Einnig má halda áfram að leggja áherslu á bætta sundmenningu og finna leiðir til að hvetja nemendur til þess að iðka sund sér til heilsubótar og gleði. Markmiðasetningu mætti líka kenna betur og innvinkla betur inn í tímana, og fylgja því betur eftir að nemendur séu að setja sér og stefna að sínum markmiðum. Að lokum myndi ég vilja huga betur að einstaklingsnámsskrá í byrjun hausts og setja niður ítarlegri einstaklingsmarkmið.

Sólrún Sigþórsdóttir, júní 2023

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa vorið 2023

Skólaárið 2022 – 2023 var stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa 50%. Mikil aðsókn hefur verið í þjónustuna hjá nemendum á öllum stigum skólans. Auk persónu- og hópráðgjafar hefur náms- og starfsráðgjafi hitt hvern bekk skólans einu sinni í viku og kennt lífsleikni/náms- og starfsfræðslu.

Með 10. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi fjallað um ólík störf, hvað þau fela í sér og hvaða eiginleika og menntun þarf til að gegna þeim. 10. bekkur hefur heimsótt framhaldsskólana MB og FVA. Nemendur

fóru í áhugasviðsgreininu, fengu kynningu á námstækni og gerð ferilskráar og fóru í sínar hefðbundnar starfskynningar.

Með nemendum í 8. og 9. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi unnið að eflingu félagsfærni með aukinni sjálfspekkingu nemenda. Áhersla var lögð á eflingu samskiptafærni og verkefni þar sem áhersla er lögð á aukin samskipti innan hópsins. Einnig var tekin umræða um tilfinningar og áhrif þeirra á hugsanir og hegðun. Allir nemendur unglingastigs fóru á iðn- og verkgreinkynninguna Mín framtíð.

Með miðstigi hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með félagsfærni og sjálfspekkingu. Unnið með eflingu sjálfsmyndar, jafnrétti, kennt leiðir að betri samskiptum og fjallað um hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti. Í vetur var lögð sérstök áhersla á færni í samskiptum innan hópsins.

Með yngsta stigi hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með félagsfærni, eflingu samskiptahæfni og sérstök áhersla lögð á tilfinningaþroska. Farið í gildi eins og ábyrgð, virðingu, samvinnu og jafnvægi. Að auki hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með aðferðir Hugarfrelsis til hjálpa nemendum að öðlast frið og ró í amstri skóladagsins.

Kennsluáætlanir allra stiga er að finna inn á Mentor og hafa náms- og kennsluáðferðir í lífsleikni verið fjölbreyttar og lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni.

Einstaklings- og hópráðgjöf: Náms- og starfsráðgjafi hefur veitt bæði persónulega- og hópráðgjöf varðandi félagsfærni og samskipti, einelti, kvíða, námsval, námstækni, sjálfsstyrkingu ofl. á öllum stigum.

Önnur störf: Náms- og starfsráðgjafi hefur verið í samstarfi við aðra sérfræðinga, kynnt starf náms- og starfsráðgjafa, haft samráð við náms- og starfsráðgjafa í öðrum skólum, setið í eineltisteymi og sinnt þeim málum sem þar hafa komið upp, setið nemendaráðsfundi, starfsmanna- og kennarafundi. Náms- og starfsráðgjafi er tengiliður farsældarlaga og tengiliður forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Tillögur fyrir næsta skólaár: Mikilvægt er að halda stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í 50% þar sem full þörf er þar á.

Katrín Rós Sigvaldadóttir, júní 2023

Skýrsla - tómstund vorið 2023

Tómstund var starfrækt mánudaga til föstudaga frá kl. 12:50 – 13:30. Alls voru 37 börn í tómstund og fjórir starfsmenn.

Í tómstund er áhersla á skapandi starf og frjálsan leik. Í frjálsa leiknum fær sköpunargleði barnanna að njóta sína. Einnig er áhersla á hreyfingu. Reynt er eftir megni að bjóða börnunum upp fjölbreyttan efnivið og val til að mæta þörfum þeirra og löngunum. Ýmist var verið úti, í leikstofu eða á bókasafni og oftast en ekki eitthvað tvennt í boði, stundum þrennt. Á föstudögum skapaðist þó hefð fyrir því að allir færu út ef veður leyfði. Tómstund gekk heilt yfir vel í vetur og börnin virtust njóta sín í frjálsa leiknum.

Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í Heiðarskóla

Í vetur hafa undirritaðar hitt nemendur sem hafa annað tungumál en íslensku á öllum stigum skólans. Áherslur og form kennslunnar hafa verið mismunandi eftir því á hvaða stigi nemendur voru, yngsta-, mið-, eða unglingastigi. Þó voru markmiðin ávallt þau sömu.

- Að auka orðaforða, hugtakaskilning og hæfni tvítyngdra barna í íslensku
- Að nemendur fái þau verkfæri sem nýtast þeim best til að geta tjáð sig og geti komið þörfum sínum og skoðunum á framfæri í öllum aðstæðum. T.d. tákn, myndir og sjónrænt skipulag
- Að nemendur geti notað bækur, öpp og verkefni í ólíkum aðstæðum (bæði úti og inni) sem auka skilning á íslensku samfélagi og orðanotkun.
- Að nemendur geti leitað að upplýsingum á netinu og séu meðvitaðir um forrit sem hægt er að nota til leiðréttingar á stafsetningu við gerð ritgerða og þar með aukið færni sína í íslenskri málfræði
- Að auka skriffærni og réttritun
- Að spila og hafa gaman, því það eykur gleði, félagslegan skilning og tjáskipti.

Einnig var mikið lagt upp úr því að styðja sérstaklega við tvítyngd börn innan námshópa í íslensku málumhverfi og leggja áherslu á samtal við fullorðna og jafnaldra.

Á yngsta stigi voru 4 börn sem fengu kennslu, 4 á miðstigi og 3 á unglingastigi eða samtals 11 nemendur.

Íslensku kunnátta og skilningur á töluðu og rituðu máli er afar misjafn hjá nemendum skólans með annað tungumál. Þrátt fyrir mikinn getumun er afar mikilvægt að veita þeim kennslu á sínum forsendum og á sínu getustigi.

2. júní 2023 Ólöf Guðmundsdóttir og Sigrún Vigdís Gylfadóttir

Skýrsla - frístund vorið 2023

Frístund var starfrækt fyrir nemendur í 1. – 4. bekk mánudaga til föstudaga frá kl. 13:30 til 16:30. Frístund var opin alla kennsludaga í samræmi við skóladagatal Heiðarskóla, að undanskildum tvöföldum skóladögum, þ.e.a.s. árs hátíð, fullveldishátíð og á litlu jólunum. Mánaðargjald var innheimt eftir á. Tveir starfsmenn sáu um frístund frá kl. 13:30 – 16:00 og einn starfsmaður frá kl. 16:00 – 16:30.

Í frístund var ýmist boðið upp á frjálstan leik í leikstofu, rólegheit á bókasafni eða útiveru. Reynt var að mæta þörfum barnanna um viðfangsefni t.d. var vinsælt að kubba, lita, tefla, teikna, búa til leikrit, leika með púða, kapplakubba, spila, leira, leika með leirsand, búðarleikur, eltingaleikur, teikna og skrifa á töfluna. Einstaka sinnum var farið með hópinn í íþróttasalinn í Heiðarborg og gönguferð. Frjáls leikur og sköpun var allsráðandi í frístund. Börnin fengu hressingu kl. 15:00. Heilt yfir gekk frístund vel fyrir utan að skráningum fækkaði þegar líða tók á skólaárið.

Fjöldi skráðra barna í hverjum mánuði var eftirfarandi:

23. – 31. ágúst og september	21
Október	21
Nóvember	22
Desember	17
Janúar	15
Febrúar	11
Mars	10
Apríl	12
Maí og 1. júní	23

Samkvæmt gildandi reglum um skráningu í frístund á skólaárinu gátu foreldrar skráð börn sín á ákveðna vikudaga. Sum börn máttu ráða hvort þau yrðu í frístund hvern dag eða ekki. Einnig var eitthvað um að foreldrar væru að hafa samband við skólann í tölvupósti eða símleiðis með stuttum fyrirvara og biðja okkur um að senda börn heim með skólarúttunni. Það kom t.a.m. nokkrum sinnum upp á skólaárinu að ekkert barn var í frístund sökum forfalla eða að beiðni foreldra.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir fjölda skráðra barna hvern vikudag í hverjum mánuði frá **ágúst til og með apríl**:

	Mánudagar	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar	Föstudagar
Ágúst - september	8	12	11	11	7
Október	13	17	15	14	5
Nóvember	13	14	14	13	3
Desember	11	14	10	14	2
Janúar	9	12	9	13	1
Febrúar	5	8	6	9	1
Mars	5	7	5	8	1
Apríl	5	6	5	10	1

Í ljósi þess að skráðum börnum fækkaði mjög í frístund þegar leið á skólaárið var ákveðið í samráði við Hvalfjarðarsveit að bjóða upp sjónrænt mánaðardagatal með áhugaverðum viðfangsefnum hvern dag

í maí. Einnig var í boði að skrá börn á valda daga óháð vikudögum. Fjöldi skráðra barna hvern vikudag í maímánuði má sjá í eftirfarandi töflu:

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1. – 5. maí	Frídagur	9	12	15	6
8. – 12. maí	8	14	13	17	6
15. – 19. maí	8	12	11	Frídagur	14
22. – 26. maí	10	13	8	13	8
29. – 31. maí	Frídagur	11	14		

Af þessu má sjá að skráningum fjölgaði mjög í maí. Reglur frístundar eru í endurskoðun og verður væntanlega tekið tillit til þessarar góðu reynslu af maímánuði. Einnig sýnir reynslan að sjónrænt mánaðarskipulag er það sem koma skal í frístund.

Skýrsla SumarGaman - júní

SumarGaman var opið frá kl. 8:00 – 16:15 12. – 23. júní. Fjórir starfsmenn sáu um SumarGaman. Fjöldi skráðra barna dag hvern var eftirfarandi:

12. júní	13. júní	14. júní	15. júní	16. júní	19. júní	20. júní	21. júní	22. júní	23. júní
13	16	13	17	17	21	20	24	24	22

Af þessu má sjá að nýtingin var góð, þegar mest var voru 24 börn skráð í SumarGaman af 37 börnum í 1. – 4. bekk.

Starfið fór að mestu fram í Álfholtsskógi þar sem foreldrar mættu með og sóttu sín börn í Furuhlíð að undanskildum tveimur dögum. Annars vegar var mæting að morgni í Steinholt þar sem börnin fengu m.a. að fara á hestbak. Rúta fór síðan með hópinn í Furuhlíð. Hins vegar var einn Akranesdagur þar sem var m.a. farið í gönguferð, sund og keyptur ís á línuna. Þar fyrir utan var einu sinni farið með rútu í Borgarnes, einu sinni í sund á Hlöðum og einu sinni með rútu í Hvítanes þar sem dýrin voru skoðuð og börnin fengu smá rúnt á fjórhjóli.

Börnin mættu alltaf með morgunávöxt og síðdegishressingu og yfirleitt með hádegisnesti. Stöku sinnum var þó grill í boði SumarGaman.

Stofnaður var lokaður facebook hópur þar sem forráðamenn fengu myndir og upplýsingar reglulega um viðfangsefni hverju sinni. Mikil ánægja var meðal foreldra með það fyrirkomulag.

Gjald per dag var 2000 kr. fyrir barn og heildartekjur voru 374.000 kr. Það fjármagn var nýtt í afnotagjald fyrir aðstöðuna í Furuhlíð, rútuferðir, grillveislur o.fl.

Heilt yfir gekk SumarGaman mjög vel. Mikil ánægja var á meðal barna, foreldra og starfsmanna með fjölbreytta og skemmtilega samveru, frábæra staðsetningu í Furuhlíð, mikla hreyfingu og útiveru, góð félagsleg samskipti á milli barna og frjálsan leik í náttúrunni.

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, júní 2023

Skýrsla frá umsjónarmanni bókasafns Heiðarskóla vorið 2023

Almennar upplýsingar um starfsárið á bókasafni Heiðarskóla:

Á bókasafninu störfuðu Sóley Bára Bergsteinsdóttir og Jóhanna Sigríður Vilhjálmsdóttir. Að auki tóku aðrir kennarar afleysingar þegar á þurfti að halda. Opnunartímar voru hvern virkan dag frá kl. 8:10-8:50. Opnunartími á bókasafninu var aukinn í upphafi skólaárs, en það nýttist ekki nægilega vel sökum þess að það gekk illa að manna þennan tíma og brýnni þörf fyrir stuðning.

Til umsjónar bókasafns voru til umráða þrjár klukkustundir á viku, þar af var ein stund nýtt í afgreiðslu. Safnið var einnig nýtt í kennslu af öðrum kennurum og í tómstund og frístund á yngsta stigi.

Starfsemi á safninu:

Nýtt bókasafnskerfi var tekið í notkun í upphafi árs og það var dálítið verkefni að setja sig inn í á upphafsdögum skólaársins, en það var fljótt að koma og hefur gengið bara þokkalega. Það olli þó því að krakkarnir gátu ekki fengið bækur að láni fyrstu daga nýs skólaárs og það var beðið með mikilli óþreyju eftir því að það loksins opnaði.

Strax í september var sett af stað þúsund bóka lestraráskorun – þar sem nemendur og starfsfólk lögðu sig fram um að reyna að klára að lesa samtals þúsund bækur fyrir árslok. Það hafðist og vel rúmlega það. Þegar síðasta talning fór fram í desember höfðu ríflega 1100 bækur verið lesnar.

Stofnað var nýtt læsisteymi á árinu og meðlimir þess voru duglegir að koma af stað mismunandi bókaklúbbum yfir árið. Þetta var sérlega vinsælt, sérstaklega á yngsta stigi og aðeins upp á miðstig. Það var aukið við bókakost safnsins í sambandi við þessa klúbba, þar sem margir voru að bíða eftir sömu bókinni á hverjum tíma. Við vorum með fótboltabókaklúbb, Kidda klaufa-klúbb, Pín-eigin-saga-klúbb, Binnu B. Bjarna- og Heyrðu Jónsa-klúbb svo einhver dæmi séu nefnd.

Þema ársins í skólanum var lýðheilsa og keyptar voru inn á safnið sérstaklega bækur sem tengdust áhugamálum og skapandi vinnu, þær tengdust til dæmis matreiðslu, kvikmyndum, föndri, heilbrigði og fleira.

Í október var drauga- og hryllingsbókabema á bókasafninu í tilefni af Hrekkjavökunni. Óhugnanlegum bókum var gert hærra undir höfði og þeim var stillt sérstaklega upp og safnið skreytt kóngulóarvef og hauskúpum. Virkilega óhugnanlegt um að litast á safninu þá dagana.

Í lok nóvember, byrjun desember voru keyptar inn nýjar bækur sem vakti mikla lukku hjá lesendum. Nemendur gátu haft sitt að segja um valið, en þeir gátu skilið eftir ábendingar um nýjar og spennandi bækur hjá bókavörðum.

Í desember fór venju samkvæmt fram jólalestur. Þá fengu jólabækurnar mesta plássið í hillum bókasafnsins. Þá var einnig settur af stað jólalestur þar sem krakkarnir fengu mynd af jólabjöllu til að skreyta og hengja upp á jólatré á vegg fyrir framan bókasafnið.

Bækur voru keyptar inn jafnt og þétt yfir skólaárið og bætt við safnkostinn.

Sóley Bára Bergsteinsdóttir, júní 2023.

Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2023

Tölvuumsjónarmaður sér um að aðstoða starfsmenn og nemendur skólans í flestu hvað varðar tölvumál eins og hans kunnátta ber til. Tölvuþjónustan ehf á Akranesi er með samning við skólann og aðstoða þeir hann með minniháttar viðgerðir í gegnum síma og Teamviewer en koma í skólann ef til þess þarf. Í ár voru keyptar 14 fartölvur sem stjórnendur og kennarar hafa til umráða, 8 borðtölvur eru til og þar af eru 3 nýjar sem fóru inn á hvert stig. Í ár voru 5 gamlar fartölvur settar upp og notaðar í unglingadeildinni. Enn eru eftir að setja upp 4 gamlar fartölvur til viðbótar. Það eru komnar 40 spjaldtölvur á Merak-kerfið sem Tölvuþjónustan sér um að þjónusta en ennþá eru um 40 spjaldtölvur með ónýtt Apple-id. Flest starfsfólk hefur sína eigin spjaldtölvu til umráða. Nemendur hafa til afnota 20 chromebook fartölvur sem eru komnar til ára sinna.

Samantekt - mötuneyti vorið 2023

Tveir starfsmenn starfa í mötuneyti skólans, matráður í 100% starfshlutfalli og skólaliði í 91% starfshlutfalli. Helstu verkefni starfsmanna er að sjá um morgun- og hádegisverð, ávaxtastund, hressingu í frístund, þrif í mötuneyti og önnur tilfallandi verkefni t.d. kaffiveitingar á fundum þegar gestir eru í húsi. Matráður sér um að panta allt inn fyrir mötuneytið og gera matseðla í samráði við matráð í Skýjaborg. Í innkaupum er sparnaður hafður í huga ásamt því að versla í heimabyggð og kaupa íslensk matvæli eins og hægt er. Einnig er mikil áhersla á að nýta allt hráefni vel m.a. með því að frysta afganga og nýta síðar.

Markmið sjálfbærni og umhverfisverndar eru í hávegum höfð í mötuneytinu, það er m.a. gert með því að flokka, nýta fjölnota borðbúnað á útivistardögum ásamt því að huga að vistspori við innkaup og safna saman afgangum sem ekki er hægt að nýta síðar fyrir hænur í Hvalfjarðarsveit.

Í skólanum er boðið upp á hollan heimilismat sem eldaður er frá grunni. Unnið er eftir handbók um mötuneyti sem gefin er út af Landlæknisembættinu.

Töluvert var um forföll starfsmanna og tímabundið var ráðinn inn starfsmaður í mötuneyti. Einnig náðum við að leysa forföll innanhúss.

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, júní 2021

7.5 Skýrslur Skýjaborgar 2022-2023

Leikskólastjóri óskar eftir skýrslum frá deildum og leikskólasérkennara.

Deildarskýrsla Regnbogans 2022-2023

Starfsfólk deildarinnar

Það urðu nokkrar starfsmanna breytingar á skólaárinu en svona endaði starfsmanna hópurinn:

Bára deildarstjóri, 100% staða. Var á skilavakt í vetur. Bára sá um einn málörvunarhóp, verkefnastjóri með stafainnlögn, Lubba, Blæ og tákn með tali. Sat í stýrihóp í þróunarverkefninu “snemmtæk íhlutun-mál og læsi.” Er á námskeiði í teymisstjórnun hjá Háskólanum á Akureyri, það stendur yfir í þrjú ár.

Hildur mastersnemi í kennarafræðum, 100% staða frá nóv, 50% frá jan. Hópstjóri mið árgangs og með málörvunarhóp. Sá um söng, tónlistartíma og að fara á bókasafnið og velja bækur fyrir okkur tengdar þeim verkefnum sem við vorum að vinna hverju sinni. Skipulagði og stjórnaði gróðursetninga vinnu með börnunum. Sá um myndbandagerð af starfinu í vetur sem við sendum á foreldra.

Ingibjörg Unnur leiðbeinandi, 85% staða. Hópstjóri yngsta árgangs og með málörvunarhóp. Skipulagði og stjórnaði gróðursetninga vinnu með börnunum.

Karina grunn og leikskólakennari, hópstjóri elsta árgangs og drengjanna fædda 2020 sem færðust til okkar af Dropanum á vorönn. Grænfánaverkefnastjóri og stjórnaði myndlist og sköpun á haustönn. Sá um að setja inn og merkja myndir á Karellen.

Unnur Tedda leiðbeinandi, 63% staða. Hópstjóri elsta hóps og með málörvunarhóp. Sá um og skipulagði skólasamstarfið með skólahóp og fór með þeim í skólaheimsóknir. Skipulagði og fór í ýmsar vettvangsferðir með skólahóp.

Védís Fríða leiðbeinandi, 100% staða frá feb. Var með tvo málörvunarhópa og sá um veðurfræðing/aðstoðar Lubba.

Sigurbjörg leikskólasérkennari, 100% staða. Opnaði deildina í vetur og var að hluta til inn á deild en að mestu að sinna sérkennslu. Sá um að kynna farfuglana og finna til þulu mánaðarins. Einnig sat hún í stýrihóp í þróunarverkefninu “snemmtæk íhlutun-mál og læsi.”

Sigurrós grunnskólakennari, 100% staða frá lok sept – nóv.

Þórdís leik og grunnskólakennari var verkefnisstjóri í þróunarverkefninu “snemmtæk íhlutun-mál og læsi.” Kom á fimmtudögum.

Ólöf sérkennari kom á miðvikudögum.

Ragnheiður talmeinafræðingur kom að meðaltali einu sinni í mánuði í vetur.

Barnafjöldi í upphafi skólaárs

Börnin voru 24 lengst af, þar af 2 tvítyngd. Barnahópurinn endaði í 22 um vorið.

Fastir sameiginlegir viðburðir deilda

Opið á milli deilda/deildarugl einu sinni í viku. Afmælissamvera er einu sinni í mánuði. Samsöngur er einu sinni í viku. Oft samvera á útileiksvæði. Regndropasköpun, starfendarannsókn hjá Ögu.

Starfið

Gildin okkar virðing, vellíðan, samvinna og metnaður endurspegla allt starf okkar á deildinni sem og markmið námssviða leikskóla, læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi.

Frjálsi leikurinn er ávallt í forgrunni, hann veitir frelsi til athafna, tjáningar og flæðisástands. Við vinnum eftir hugmyndafræði John Dewey, „learning by doing“ þar sem börnin fá tækifæri til að gera

tilraunir með eigin hugmyndir upplifanir og reynslu. Við vinnum eftir hugmyndafræði Caroline Pratt um opin efnivið. Einingakubbar Caroline eru gott dæmi um opin efnivið.

Við vinnum eftir hugmyndafræði Gardners um fjölgreindarkenninguna, öll erum við sterk á ólíkum sviðum. Við leggjum rækt við þau svið sem eru sterk og notum til að styðja við önnur svið.

Á skólaárinu ákváðum við að auka fjölbreytni í efnivið í frjálsa leiknum og tókum inn dúkkur, dúkkuföt, bollastell og bíla.

Hópastarf

Hver árgangur valdi sér nafn á hópinn sinn. Að þessu sinnu voru það Eiturslönguhópur, Bjarnahópur, Bananahópur og grænu Bananar sem urðu fyrir valinu hjá barnahópnum. Megin inntak hópstarfsins er: Málörvun, félagsfærni, vinátta, hreyfing, sköpun, lýðræði, útinám, göngutúrar, grænfánaverkefni og könnunarverkefni. Könnunarverkefni þessa skólaárs voru risaeðlur, hýenur, broddgeltir og líkaminn.

Byrjendalæsi

Við búum börnunum læsishvetjandi umhverfi með góðu aðgengi að bókum og efnivið. Við vinnum með gæðatexta, þulur, vísur, söngva, spyrjum spurninga og gerum ritmálið sýnilegt. Orðaforði er undirstaða læsis og þess vegna reynum við að baða börnin í næringaríkum orðaforða með því að setja orð á athafnir, umhverfi, reynslu, upplifanir og tilfinningar. Við lesum daglega fyrir börnin og örvum hljóðkerfisvitundina með ýmsum leikjum og æfingum.

Yndislestur í sófanum

Lásur fyrir börnin í litlum hópum í sófanum þegar frjálsi leikurinn var. Höfðum blað fyrir ofan sófann til að merkja hverja við lásur fyrir, reyndum að passa upp á að öll börn fengu þessa stund í hverri viku.

Vinastundir/málörvunahópar

Í vetur byrjuðum við með vinastundir en rauði þráðurinn í þeim var málörvun, vinátta og boðskipti. Við skiptum börnunum í litla hópa(3-5) Þessar stundir voru ca 20-30 mínútur á hverjum degi. Umgjörð og verkefni þessara stunda var unnin í **þróunarverkefninu okkar snemmtæk íhlutun-mál og læsi**.

Bína/boðskipti

Við unnum markvisst með að styrkja boðskiptafærni hjá börnunum og til þess notuðum við bækurnar um Bínu bálreiðu og Bína fer í leikskóla eftir Ásthildi talmeinafræðing. Lásur efnið, gerðum myndir og veggspjöld sýnileg fyrir börnin. Einnig höfðu starfsmenn þessar myndir í hálsbandi um hálsin svo við gætum brugðist fljótt við og í öllum aðstæðum að sýna barninu hvaða hegðun væri verið að ætlast til af þeim. En með þessari vinnu voru börnin að æfa sig í að sitja kyrr, hlusta, passa hendur, bíða, stopp, skiptast á og muna.

Blær

Í vetur tókum við inn vináttuverkefnið Blær bangsi sem er á vegum Barnaheilla og er forvarnarverkefni um einelti.

Danskennsla

Við fengum danskennslu í vetur sem vakti lukku eins og alltaf og voru öll börnin á deildinni virk að taka þátt. Í lokin var haldin sýning fyrir foreldra.

Grænfánaleikskóli

Unnum áfram með þemun hnattrænt jafnrétti og lýðheilsa. Í vor fengum við afhendan grænfánan í 7 skiptið.

Skráningar

Hljóm-könnun fyrir hljóðkerfisvitund. Tras fyrir félagsþroska og málþroska. Mio fyrir stærðfræði. Náandarhringurinn til að meta samskipti starfsfólks og barna. Tökum mikið af myndum/myndböndum sem eru skráningar af starfinu okkar. Félagsfærnessögur.

Upplýsingaflæði

Við notum **Karellen** til að koma skilaboðum á framfæri, mætingu barnanna og hversu vel þau borða. Deildarstjóri sendir tölvupósta á foreldra með fréttir af starfinu ca 2 í mánuði og Hildur setti saman 6 myndbönd af starfinu okkar. Við vorum virkar að skrifa á upplýsinga töfluna í fataklefanum. Starfsfólk í lok dags reyndi alltaf að hafa tíma í smá spjall við foreldra og passaði upp á að koma skilaboðum til skila á foreldra ef svo bar undir. Ef barn meiddi sig í leikskólanum hringdum við í foreldra og létum vita. Við fjölguðum foreldraviðtölunum í tvö á skólaárinu og minntum reglulega á að foreldrar gætu leitað til okkar ef eitthvað væri.

Útieldhúsið

Héldum áfram að útbúa útieldhúsið og að safna búsáhöldum.

Sumarstarfið

1. júní byrjuðum við með fjölbreytt sumarstarf og færðum starfið enn meira út. Hver starfsmaður bar ábyrgð á ákveðnum verkefnum á ákveðnum degi.

Lokaorð

Vetrarstarfið er búið að einkennast af virðingu, gleði, tillitsemi, samvinnu, vinna í lausnum og miklum metnaði sem meðal annars kom í ljós þegar við settum upp vor sýninguna í stjórnsýsluhúsinu og könnunarverkefni sem allir hópar unnu. Samvinnan gekk vel hjá okkur, lögðum okkur fram að hafa opin og jákvæð samskipti. Æfðum okkur í að láta í ljós okkar skoðanir og fara ekki í vörn ef okkur væri bent á eitthvað sem betur mætti fara. Einnig töldum við samvinnu milli deilda vera góða. Okkur fannst öllum heilt yfir vera gaman í vinnunni og hefur það klárlega skilað sér til barnanna okkar.

Kærleikskveðja frá öllum á Regnboganum,

Bára deildarstjóri og allir á Regnboganum

Deildarskýrsla Dropans 2022-2023

Grunnupplýsingar

Það voru 11 börn á haustönn. Í janúar og febrúar höfu 7 börn leikskóladvöl á Dropanum og tvö börn færðust yfir Regnbogann. Á Dropanum eru börn á aldrinum 1-3 ára.

Starfsmenn á Dropanum

Stöðugildum fjölgaði eftir áramót. Agnieszka var deildarstjóri að hausti og Sigurrós tók við deildarstjórastöðunni í desember. Hér má starfsmenn og stöðuhlutföll:

- Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir- deildarstjóri 100% staða frá des.
- Agnieszka Aurelia Korpak (Aga)- leikskólakennaranemi 70% staða, deildarstjóri 100% til des.
- Aldís Ósk Sævarsdóttir- grunnskólakennaranemi 100% staða frá maí.
- Árdís Hauksdóttir- leiðbeinandi 100% staða, aðstoð við daglegt starf.
- Kinga Korpak- leiðbeinandi 100% staða, aðstoð við daglegt starf.
- Kristel Guðmundsdóttir – leiðbeinandi 32% staða frá mars.
- Helga María Guðmundsdóttir – leiðbeinandi í afleysingum.
- Hulda Margrét Brynjarsdóttir – leiðbeinandi, 70% staða frá feb-apríl.
- Védís Fríða Kristjánsdóttir – leiðbeinandi, 100% staða í jan-feb.

Helstu verkefni

Allt skólaárið var lögð áhersla á lestur, virka hlustun og söng á Dropanum. Með þessari vinnu eflist hljóðkerfisvitund, málakilningur, orðaforði eykst, framburður verður betri og minnið þjálfast. Í söngstundum er unnið með aðferðir sem æfa virka hlustun og sameinar hreyfingu, söng, leik og notkun tungumálsins. Eitt af stóru verkefnum vetrarins snéri að því að efla jákvæð samskipti hjá börnunum, félagsfærni, styrkja málvitund þeirra og sjálfsmynd. Við þá vinnu notum við til dæmis boðskiptareglur Bínu til að kenna börnum að:

- Bíða
- Hlusta
- Skiptast á
- Stoppa
- Sitja kyrr
- Muna

Upplýsingaflæði

Dagleg samskipti milli deildar og foreldra fara fyrst og fremst fram í samræðum þegar komið er með börn eða þau sótt. Óskráð regla er sú að starfsmaður sem næstur er barninu gefi sig á tal við foreldra. Í Karellen kerfið eru smáskilaboð á milli foreldra og skóla ásamt skráningum um mætingu, svefn, matarvenjur og þarfir. Myndir af börnunum og af vinnu þeirra er einnig sett inn á Karellen. Við sumar aðstæður hringir deildarstjóri eða annar starfsmaður beint í foreldra ef þess er talið þörf. Í foreldraviðtölum er lögð áhersla á að foreldrar fái upplýsingar um þroska og líðan barnsins í leikskólanum, um starfsemi og áherslur á deildinni. Foreldrar fá þar einnig svigrúm til að ræða þeirra

líðan og væntingar til starfsins. Einnig geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali við skólastjóra eða deildarstjóra.

Útinám

Nánasta umhverfi leiksólans og leikskólalóðin er nýtt til rannsókna og kannana. Í útiveru grípum við tækifæri til að vekja athygli barnanna á dýra- og plöntulífi. Veðurfar er síbreytilegt og því mikið notast við að lýsa veðri með tilliti til klæðnaðar hverju sinni. Við þessar aðstæður eykst orðaforði og sjálfshjálp.

Leikurinn

Frjáls leikur er námsleið barnanna á Dropanum og er vettvangur skapandi hugsunar þar sem barnið vinnur úr upplifunum sínum og rannsakar möguleika, þar velur það sér verkefni, hefur samskipti við önnur börn og skapar sér sitt smásamfélag. Börn finna sér alltaf leið til að leika. Þau hafa þörf fyrir að eiga sitt einkalíf í leik og leika á sínum eigin forsendum. Þau prófa sig áfram og læra að treysta á sig og vini sína.

Gildi skólans

Unnið er með gildi leikskólans: virðing, vellíðan, metnaður og samvinna í öllu starfi á Dropanum. Virðing er í öllum samskiptum sem eiga sér stað inni á deild: á milli starfsfólks, í samskiptum starfsfólks við börn og einnig á milli barnanna sjálfra. Lögð er áhersla á gott skipulag sem er sveigjanlegt og hefur áhrif á vellíðan barna og starfsmanna. Sveigjanleiki felst í því að starfið er aðlagð barnahópnum hverju sinni og er það reglulega tekið til skoðunar. Deildarfundir eru haldnir aðra hvora viku og þar setjast starfsmenn niður og ræða sín á milli hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. Með því stuðlum við að jákvæðri samræðu og uppbyggingu lærdómssamfélags. Markmið Dropans er að skipuleggja umhverfi barnsins á þann hátt að það örvi forvitni, frumkvæði og samskipti við aðra.

Fastir sameiginlegir viðburðir deilda eru:

- Sameiginleg söngstund á föstudögum kl. 9:30
- Afmælissamvera einu sinni í mánuði
- Deildarugl- opið á milli deilda einu sinni í viku
- Litlu jólin og Öskudagur

Börnum er oft boðið að fara í heimsóknir milli deilda

Foreldrasamstarf

Á Dropanum er lögð áhersla á góð dagleg samskipti við foreldra. Deilsarstjóri situr foreldraviðtöl með foreldrum og fer yfir þroska og vellíðan barnsins. Rætt er meðal annars um: hvernig barninu gengur í leikskólanum, í skipulögðum tímum og í frjálsum leik, um styrkleika barnsins og hvað má leggja meiri áherslu á, um samskipti og tengslamyndun barnsins við önnur börn og starfsfólk. Auk þess eru foreldrar spurðir um væntingar þeirra til leikskólans og líðan þeirra. Foreldrar geta alltaf hringt og fengið annað viðtal við deildastjóra.

Lokaorð

Þegar litið er yfir liðinn vetur hefur margt reynst snúið en allir starfsmenn lagst saman á eitt að láta allt ganga upp. Það hefur verið töluvert af mannabreytingum og einnig urðu deildarstjóraskipti í desember.

Það sem situr eftir er þakklætti fyrir alla þá starfsmenn sem hafa komið nálagt starfi Dropans í vetur. Samstaða starfshópsins hefur verið mjög sterk og kærleikur endurspeglast í öllu skólastarfinu.

Við viljum koma á framfæri þakklæti til barna og foreldra fyrir samvinnu og þolinmæði liðins veturs með von um að þið hafið það sem allra best í sumar.

Kærleiks kveðjur

Sigurros, Aga og starfsmenn

Skýrsla leikskólasérkennara 2022-2023

Skýjaborg, júní 2023

Til að halda betur utan um börn sem þurfa á sértækri íhlutun eða sérkennslu að halda varðandi málþroska, félagsþroska, hreyfiþroska og vitmunþroska var veitt leyfi til að fara af stað með tilraunaverkefni um stöðu leikskólasérkennara.

Í haustbyrjun lá að mestu fyrir hvaða einstaklingar þyrftu á íhlutun að halda. Voru það um tólf börn, þar af þrjú tvítýngd, og tvö sem þurftu eingöngu framburðaræfingar.

Leikskólasérkennari ásamt deildarstjóra og sérkennara skiptust á faglegum skoðunum og ígrundun varðandi hvert og eitt barn og mátu þörfina.

Einstaklingsnámskrár voru unnar og markvisst unnið eftir þeim og þær endurmetnar eftir þörfum. Leikskólasérkennari sá alfarið um Hljóm-könnun en aðstoðaði deildarstjóra við TRAS og MIO. Eftir Hljóm-könnun í hausti kom í ljós að sex börn þurftu að þjálfu einn eða tvo þætti hljóðkerfisvitundar betur og fengu þau auka þjálfun. Ekki var gerð sérstök einstaklingsnámskrá en merkt við á þar til gerðu blaði í hvert sinn sem þjálfun fór fram. Eftir Hljóm-könnun í febrúar voru tvö börn sem þurftu á frekari þjálfun að halda.

Sérkennari kom einu sinni í viku og þjálfaði börnin. Reynt var að halda örfund og fara yfir gang mála. Leikskólasérkennarinn sá um þjálfun barna þess á milli, einstaklingslega eða í minni hóp þar sem reynt var að hafa daglega truflun í lágmarki. Hann sá einnig um að leiðbeina starfsfólki og halda því upplýstu.

Talmeinafræðingur kom að meðaltali aðra hverja viku og fengu ellefu börn aðstoð hans. Leikskólasérkennarinn sá um þjálfun á milli heimsóknna. Reynt var að halda örfund um gang mála og framvindu.

Náið samband og samvinna var við heimili barna sem fengu íhlutun. Reglulegir teymisfundir voru haldnir með foreldrum þriggja barna. Málefnum barna sem fengu aðra sérfræðiaðstoð t.d sálfræðings var fylgt eftir. Öll gögn voru sett í möppu og merkt viðkomandi einstaklingi. Vekefni hvers tíma var skráð á skráningarblað í möppu og flest verkefni sem unnin voru fóru einnig í möppuna.

Sigurbjörg Friðriksdóttir, leikskólasérkennari

7.6 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Hér fyrir neðan er farið yfir daga og viðburði á skólaárinu þar sem skólastarfið er brotið upp, í Skýjaborg annars vegar og í Heiðarskóla hins vegar.

Skýjaborg

Hér fyrir neðan er farið yfir helstu árlegu viðburði í Skýjaborg. Leikskólastjóri gerir mánaðardagatal fyrir hvern mánuð í samstarfi við deildarstjórana. Dagatal er hengt upp í fataherbergi á báðum deildum og sett inn á heimasíðu skólans.

Foreldraviðtöl: Við höfum undanfarin þrjú ár verið með eitt foreldraviðtal í kringum afmælisdag barnsins. Breyting varð í ár og farið var aftur í tvö foreldraviðtöl yfir veturinn. Foreldrar geta ávallt sóst eftir fleiri viðtölum ef þeim finnst þörf á og hafa þá samband við deildarstjóra eða leikskólastjóra til þess.

Dagur læsis 8. september: Bækur sérstaklega velkomnar og þær skoðaðar og sumar lesnar.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Í tilefni hans fóru börn og starfsfólk fyrir utan Stjórnsýsluhúsið okkar og bauð starfsfólki þar með í söngstund. Veðrið lék við okkur og var sungið og dansað nokkur lög. Að söngstund lokinni var farið í gönguferð og fengið sér ávaxtabita og kex.

Kynningarfundir að hausti (Dropinn 20. sept og Regnboginn 21. sept): Deildarstjórar fóru yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Bleikur dagur í október: Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

Umferðarvika 17.-21. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október: Þá máttu börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum. Haldið var náttfataball.

Hrekkjavaka: Búningadagur 3. nóv í tilefni Hrekkjavöku.

Baráttudagur gegn einelti 8. nóv: Þann dag kom lögreglan til okkar og gaf okkur bangsann Blæ. Blær hafði verið í löngu ferðalagi um allan heiminn frá Ástralíu. Blær mætti á lögreglustöðina um morgunin og bað lögregluna að keyra sig í Skýjaborg. Blær er hluti af forvarnarverkefni gegn einelti fyrir börn á leikskólaaldri og fyrstu bekki grunnskóli og heitir Vinátta og Barnaheill stendur fyrir hér á landi. Þann 11. Nóvember var einnig haldinn foreldrafundur um vináttu. Formaður foreldrafélagsins fór yfir hvernig stjórnarmeðlimir foreldrafélagsins og skólaráðsins geta haft áhrif á skólastarfið okkar með hugmyndum og ábendingum. Svo fór leikskólastjóri yfir nokkrar glærur um verkefnið. Í lok fundar var farið yfir klípusögur í minni hópnum með foreldrum.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. Héldum upp á afmæli hans Lubba. 3. bekkur kom í heimsókn og las fyrir börnin þann 17. nóvember. Bjarni Fritz rithöfundur kom og las fyrir börnin 7. desember.

Kveikt á jólatrénu, 25. nóvember: Börn og starfsfólk fóru og tendruðu ljósín á jólatrénu hjá Stjórnsýsluhúsinu. Við gengum í kringum jólatréð og sungum nokkur jólalög. Eftir að búið var að kveikja á jólatrénu bauð starfsfólk stjórnsýslu okkur inn fyrir og gáfu mandarínur.

Smákökubakstur 29. nóv og piparkökur skreyttar 1. des: Börn og starfsfólk hjálpuðust að við skera út piparkökur í ýmsum stærðum og gerðum. Börnunum var boðið að koma með kökukefli, piparkökuform og svuntu að heiman og nýttu einhverjir sér það.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Eiturslönguhópur var með atriði á Fullveldishátíðinni ásamt 1. bekk.

Foreldrakaffi: Í upphafi aðventu þann 2. desember héldum við foreldrakaffi í lok dags, frá 14:15-15:45 (á föstudegi). Meðal annars var boðið upp á afrakstur smákökubakstursins.

Leikrit: Í kringum aðventuna höfum við fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Að þessu sinni var það leiksýningin Leikhús í tösku sem sýnt var 7. desember.

Jólafatadagur: Þann 7. desember var jólafatadagur. Þá voru allir hvattir til að mæta í jólalegum fötum (ekki sparifötum).

Skraddaralýs 13. desember: Saumaklúbburinn Skraddaralýs kom í heimsókn og gaf leikskólanum mörg bútasaumsteppi að gjöf. Hlý gjöf sem er vel nýtt.

Litlu jólin: Voru haldin 16. desember. Þá hittumst við saman á Regnboganum, sungum jólalög og dönsuðum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn var hátíðarmatur.

Innidótadagur 12. janúar: Hefð hefur myndast að halda innidótadag í janúar. Gleðilegur dagur.

Bóndadagskaffi 20. janúar: Frestað vegna veðurs og haldið 27. janúar. Körlum í lífi barnanna boðið í karlakaffi.

Þorinn: Á þorranum æfa börnin þorralög og einn dag var haldið þorrablot. Á þorranum var áætlað að halda rafmagnslausan dag, en hann féll niður.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Dagur leikskólans er haldin hátíðlegur ár hvert þann 6. febrúar. Farið í skráðgöngu yfir í Stjórnsýsluhús Hvalfjarðarsveitar. Þar sungum við og dönsuðum og höfðum gaman með starfsfólki. Í nónhressingu var vöflukaffi í tilefni dagsins.

Tannverndarvika 30. janúar-3. febrúar: Farið var yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Konukaffi 17. febrúar: Konum í lífi barnanna boðið í konukaffi.

Bolludagur 20. febrúar: Boðið var upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómbollur í kaffitíma. Sum börnin gerðu bolluvendi og fóru með heim.

Sprengidagur 21. febrúar: Boðið var upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 22. febrúar: Allir máttu koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá komu allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið var ball.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Í tilefni hans er boðið upp á allskonar stærðfræði þrautir fyrir alla aldurshópa.

Dans: Jóhanna danskennari kom og hafði 5 danstíma fyrir hópinn í mars. 5. skiptið var opinn tími þar sem foreldrum var boðið að koma og fylgjast með.

Dagur umhverfisins, 25. apríl (héldum upp á hann 28. apríl): Dagurinn byrjaði á hópatíma hjá eiturslöngu-hópi elsta árgangi leikskólans þar sem rætt var hvað er lífrænt og brotnar niður í umhverfinu og hvað brotnar ekki niður. Eitt barn sagði frá því að það hefði séð mikið rusl á Háamel. Fleiri börn tóku undir og því var stefnan tekin þangað að plokka. Einnig kom upp umræða frá börnunum að gaman væri að sjá hvað breytist í mold. Því var ákveðið að gera tilraun í vettvangsferðinni og grafa annars vegar bananahýði og hins vegar plast sem fannst. Börnin ákváðu að merkja gróður-svæðið með steinum og töldu skref frá nærliggjandi tré. Þau ætla svo að vitja tilraunarinnar fyrir sumarfrí. Mikið rusl fannst á svæðinu og tóku öll vel til hendinni að gera umhverfið hreinna og snyrtilegra. Til að gera ferðina enn skemmtilegri var nesti og vatnsbrúsar teknir með og borðað úti í móa. Þegar heim var komið hjálpuðust öll að við að flokka ruslið í viðeigandi tunnu.

Vorskóli elstu barna: 2., 3. og 4. maí var útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fóru börnin með skólarútunni að heiman, sóttu Heiðarskóla þrjá heila daga og komu ekkert í leikskólann.

Sveitaferð 8. maí: Farið var í sveitaferð að Hvítanesi að þessu sinni. Bændurnir Margrét og Marínó tóku vel á móti okkur. Við fengum að sjá hænurnar, eggin og kalkúnana. Við fórum í fjósið og sáum nautin og kálfana og fengum að gefa þeim brauð. Við fórum í fjárhúsið, skoðuðum lömbin og þau börn sem vildu fengu að halda á lambi. Einnig var farið í göngutúr, fundum andahreiddur og tjaldahreiddur, hlupum í fjöruna og þeir sem vildu fóru aðeins að vaða í stígvélunum. Ýmsir fjársjóðir fundust í fjörunni. Í hádeginu grilluðum við pylsur og fengum djús að drekka með. Í lok heimsóknar sýndi Magga okkur litla hænuunga og öll fengu að halda á sem vildu.

Umferðarvika 8.-12. maí og hjóladagur 11. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

Útskrift 25. maí og vorhátíð Skýjaborgar og foreldrafélagsins: Í samstarfi við foreldrafélagið var haldinn útskrift elsta árgangs og vorhátíð foreldrafélagsins og Skýjaborgar í framhaldi. Börnin fóru með þulu og sungu lag. Eftir útskrift fóru allir út á vorhátíð. Í garðinum var hoppukastali, sápukúlur o.fl. Boðið var upp á pylsur, djús og ís. Einar töframaður mætti, gerði blöðrudýr og var með töfrasýningu. Heldur kalt var úti, svo Einar var inni.

Afhending grænfánans í sjöunda sinn 1. júní: Skýjaborg á móti sínum sjöunda grænfána við skemmtilega athöfn við fánastöngina. Dagurinn byrjaði á því að fulltrúi frá Landvernd gerði úttekt á umhverfisverndarstarfi Skýjaborgar, fór yfir þau markmið sem leikskólinn hefur unnið síðustu tvö árin og hélt umhverfisnefndarfund með umhverfisnefndinni okkar (eiturslönguhópi). Í framhaldi var farið út í grænfánaafhendinguna sjálfa.

Heimsókn á Slökkvistöðina 1. júní: Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar bauð eiturslönguhópi, elsta árgangi, í heimsókn á slökkvistöðina í lokahóf verkefnisins *Slökkviliðið mitt – Aðstoðarmenn slökkviliðsins*. Útbúið var „leiksvæði“ fyrir börnin þar sem heilmikið var sulað og börnin fengu tækifæri til að prófa búnað slökkviliðsins. Börnin blotnuðu heilmikið og skemmtu sér mjög vel.

Vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu: Vorsýning var haldin í Stjórnsýsluhúsinu. Opnun 16. júní og stóð til 6. júlí. Var hluti af Hvalfjarðardögum í ár.

Sumardagskrá Skýjaborgar: Hefð hefur myndast að útbúa sumardagskrá í júní fram að sumarlokun með uppbrotisdögum og öðruvísi fjöri í garðinum.

Útskriftarferð, 8. júní: Útskriftarhópurinn fór í útskriftarferð á Akranes. Farið var í skógræktina, Galito og bókasafnið. Mikil rigning þennan dag og komu öll mjög blaut heim. Horfum betur í veðrið á næsta ári.

Söngstundir: Haldnar voru vikulegar söngstundir undir stjórn Ögu. Þá kom leikskólinn saman, söng nokkur lög saman og dansaði. Einu sinni í mánuði var afmælisamvera. Þá var einnig sungið fyrir afmælisbörn mánaðarins og eitthvað í boði, s.s. salttangir eða ber.

Deildarugl: Var haldið einu sinni í viku. Þá er opið á milli deilda, börn leika sér saman þvert á deildir.

Mannekla: Sendur var póstur til foreldra, ef einhverjir gætu brugðist við og haft börnin sín heima eða stytt leikskóladaginn þeirra 8.12.2022 vegna manneklu. Leikskólanum var lokað 15:45 þann 13.12.2022 vegna manneklu.

Heiðarskóli

Skólasetning 22. ágúst: Skólastjóri kynnti komandi skólaár og setti skólann í 57. sinn. Teknar voru hópmyndir af hverju stigi. Náms hópar hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentar stundatöflur. Að athöfn lokinni var boðið upp á kaffiveitingar.

Hautferðir 25. ágúst: Unglingastig fór í gönguferð í Skorradal og gisti í Skátaskálanum. Miðstig fór í gönguferð á Snók og yngsta stig fór í Ölver.

Miðstigsleikar í Borgarnesi 31. ágúst: Nemendur á miðstigi tóku þátt með samstarfsskólunum á Vesturlandi.

Dagur læsis 8. september: Hvert og eitt stig vann verkefni í tilefni dagsins.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Skólastarfið fór fram í Brynjudal, lögð áhersla á náttúruupplifun og samveru.

Smiðjur unginga – alls 4 á skólaárinu. Unglingar lengur í skólanum og gátu m.a. valið um íþróttir, heimilisfræði, keilu, pílukast, Skýjaborgarsmiðju og DJ námskeið.

Einstaklingsviðtöl við nemendur í september: Umsjónarkennarar tóku einstaklingsviðtöl við hvern og einn nemanda, áhersla á markmiðssetningu.

27. september: Langur dagur hjá nemendum frá kl. 13:30 – 16:30, engin heimkeyrsla. Fyrirlestur fyrir foreldra frá Kvan frá kl. 15:30 – 16:30.

Kartöflur: Yngsta stig tók upp kartöflur.

Olympíuhlaup ÍSÍ: Nemendur hlupu ýmist 2,5 eða 5 km.

Foreldraviðtöl 27. október: Börn og foreldrar mættu í viðtal hjá umsjónarkennara.

Skólabúðir á Laugarvatni 17. – 21. október: Nemendur í 9. bekk dvöldu í skólabúðum með nemendum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi.

Umhverfispema 10. – 14. október: Lýðheilsa var þema skólaársins. Nemendur unnu fjölbreytt og skemmtileg verkefni tengdu þemanu, áhersla á hreyfingu, hollan mat, samskipti, hvíld og hreinlæti. Aldursblönduð stöðvavinna á lokadegi.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Í tilefni dagsins mætti Bjarni Fritzson rithöfundur 7. desember og las upp fyrir nemendur skólans.

Eldvarnarfræðsla 28. nóvember: Tveir slökkviliðsmenn heimsóttu nemendur í 3. bekk og voru með eldvarnarfræðslu.

Fullveldishátíð 1. desember: Nemendur á yngsta stigi ásamt börnum úr Eiturslönguhópi sungu fyrir fullum sal af fólki. Nemendur á unglingastigi fluttu leikritið Jólagrín.

Litlu jólin 20. desember: Litlu jólin féllu niður vegna veðurs. Jólamaturinn snæddur 4. janúar.

Foreldraviðtöl 30. janúar: Nemendur voru vel flestir sjálfir búnir að undirbúa viðtalið og stýrðu því. Áhersla á lykilhæfni.

Þorrablót 2. febrúar: Nemendur söfnuðust saman í matsalnum, sungu saman nokkur lög og hvert og eitt stig var með leik. Eftir samveruna var boðið upp á þorramat.

Skólabúðir á Reykjum 13. – 17. febrúar: Nemendur í 7. bekk fóru í skólabúðirnar og unnu fjölbreytt verkefni ásamt nemendum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi.

Öskudagur 22. febrúar: Búningadagur í skólanum, nammistöðvar og hæfileikakeppni.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Hvert og eitt stig var með spennandi stærðfræðiverkefni.

Stóra upplestrarkeppni samstarfsskólanna 16. mars: Að þessu sinni fór keppnin fram í Heiðarskóla. Alls tóku 9 nemendur þátt og þar af tveir frá Heiðarskóla. Þátttakendur stóðu sig allir með stakri þryði.

Danskennsla í mars: Jóhanna danskennari kom og kenndi dans. Danssýning fyrir foreldra í lok námskeiðs.

Árshátíð Heiðarskóla 30. mars: Nemendur í 3. – 7. bekk fluttu söngleikinn Besta atriðið, nemendur tóku þátt í að semja handritið. Í lok sýningar mætti Jón Jónsson og söng með börnunum – það vakti mikla lukku.

Tæknimessa 14. apríl: Nemendur í unglingadeild kynntu sér alls kyns tækni ásamt jafnöldrum á Vesturlandi í Fjölbautarskólanum á Akranesi.

Dagur umhverfisins 25. apríl: Rútuferð í Hafnarskóg þar sem nemendur plokkuðu í tilefni dagsins, unglingar gengu að Höfn. Grillpinnar í matinn í Heiðarskóla eftir plokkið og allir borðuðu úti. Nemendur á yngsta stigi plokkuðu skólalóðina eftir hádegisverð.

Lyngbrekkuball 27. apríl: Að þessu sinni sá Heiðarskóli um að halda Lyngbrekkuballið fyrir nemendur í 8. – 10. bekk samstarfsskólana. Ballið var haldið í Miðgarði og var vel heppnað.

Vorskóladagur og starfskynningar 2. – 4. maí: Elsti árgangur Skýjaborgar mætti með skólabílum í skólann og tók þátt í skólastarfinu samkvæmt stundaskrá. Nemendur í 1. – 9. bekk æfðu sig fyrir komandi skólaár með því að færast upp um bekk. Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningar.

Skólahreysti 3. maí: Fjórir nemendur skólans tóku þátt.

Hjóladagur 8. – 31. maí: Þeir nemendur sem vildu mættu með hjól, línuskauta eða hlaupabretti og fengu að nota á skólatíma.

Survivordagur 17. maí: Skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi. Áður hafði nemendum verið skipt upp í aldursblönduð lið sem fengu það hlutverk að hanna flugdreka, útbúa sprellatriði og velja nafn á hópinn sinn. Fjölbreytt verkefni í skóginum í skemmtilegum ratleik. Grillaðir hamborgarar í matinn.

Brighton - Vorferð 9. og 10. bekkjar 23. – 27. maí: Nemendur í 9. og 10. bekk í vorferðalagi í Brighton, m.a. farið í dýragarð, gönguferðir, skógarupplifun og vatnaíþróttir. Áður höfðu nemendur ásamt foreldrum safnað fyrir ferðinni. Það sem m.a. var gert í fjáröflun var; íþróttaskóli fyrir yngstu börnin í sveitarfélaginu í fjögur skipti, jólaball í samstarfi við Foreldrafélagið, opið hús fyrir eldri borgara, dósasöfnun og Heiðarskólapeysusala.

Vorferðir: 8. bekkur fór til Reykjavíkur í Rush, pítsu og sund í Álftaneslaug. Miðstig fór til Reykjavíkur í siglingu um sundin blá í boði Faxaflóahafna, pítsu og sund í Álftaneslaug. Yngsta stig fór í Vatnaskóg.

Gróðursetningardagur 30. maí: Gróðursett voru tré úr uppeldisreit skólans norðan megin við skóláhúsnæðið. Yngsta stig setti niður kartöflur síðar.

Unicef – hreyfingin 30 maí: Þríþætt verkefni í samstarfi við Unicef sem snýr að réttindafræðslu, hreyfingu og fjáröflun. Að þessu sinni var fræðslan um aðra grein Barnasáttmálans; Öll börn eru jöfn. Nemendur gengu/hlupu og söfnuðu stjörnum í svokallaðan heimspassa og fékk hver og einn að taka hreyfihlutann eins og honum best hentaði. Fjáröflunarhlutinn er valfrjál, alls söfnuðust 16.000 kr sem renna til Unicef.

Íþróttadagur 31. maí: Nemendur tóku þátt í fjölbreyttum íþróttum og valinn var stigahæsti nemandinn úr hverjum bekk, stigahæsti bekkurinn og stigahæsti nemandi skólans. Einnig var haldin töltkeppni.

Útskrift 10. bekkinga og vorhátíð Heiðarskóla og foreldrafélagsins 2. júní: Nemendur í 1. – 9. bekk mættu ásamt foreldrum og hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentan vitnisburð vetarins ásamt birkiplöntu. Eftir afhendingu vitnisburðar hlupu allir út í sumarið á vorhátíð. Á skólalóðinni voru hoppukastali og vatnsrennibraut. Boðið var upp á pylsur, djús, lifandi tónlist og frostopinna. Eftir vorhátíð mættu nemendur í 10. bekk ásamt nánustu aðstandendum á útskrift. Hátíðarkvöldverður að lokinni útskrift.

Óveðursdagur: Alls féll skólahald niður í 6 daga vegna veðurs, slæmrar veðurspár eða færðar á akstursleiðum skólabíllanna. Það þykir fullmikið og var óveðursáætlun skólans uppfærð í ljósi þessa og bætt við möguleikanum á að seinka morgunakstri um eina eða tvær klukkustundir ef veðurspár gera ráð fyrir að veður gangi hratt niður.

Tónlistarskólinn á Akranesi: Tónlistarskólinn á Akranesi hélt úti kennslu í Heiðarskóla. Kennnt var á gítar og píanó. Af og til voru haldnir hádegistónleikar í matsal skólans á vegum Tónlistarskólans.

Morgunsöngur: Morgunsöngur þar sem allir nemendur skólans hittust í matsalnum og sungu saman var að jafnaði einu sinni í mánuði.

8 Foreldrasamstarf

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla á foreldraráð að starfa í leikskólum og skólaráð í grunnskólum. Samkvæmt lögum má sameina þessi tvö ráð í sameinuðum skóla og var það gert í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar árið 2011. Starfsáætlun og helstu verkefni skólaráðs má finna í skólanámskránni og einnig heimasíðu skólans:

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Skólastjórar sitja í skólaráði og boða til funda þrisvar sinnum á ári. Auk skólastjóra sitja í skólaráði þrír fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi almennra starfsmanna, tveir fulltrúar barna og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Skólastjórar hvetja foreldra til að bjóða sig fram til setu í skólaráði haust hvert. Ef ekki tekst að fá fulltrúa foreldra með því móti sér stjórn Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar um að velja þrjá fulltrúa sína til setu í skólaráði, tvo af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði.

Í skólaráði 2022-2023 eru:

- Ásdís Björg Björgvinsdóttir, fulltrúi foreldra í Skýjaborg
- Bára Tómasdóttir, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- Ragna Ívarsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar
- Ingibjörg Halldórsdóttir, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- Katrín Rós Sigvaldadóttir, náms- og starfsráðgjafi og fulltrúi kennara í Heiðarskóla
- Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla
- Sigríður Vilhjálmsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna í Heiðarskóla
- Sigurbjörg Friðriksdóttir, leikskólasérkennari og fulltrúi kennara í Skýjaborg
- Stefanía Ottesen, fulltrúi nemenda úr 10. bekk
- Mattías Bjarmi Ómarsson, fulltrúi nemenda í 9. bekk

Starfsáætlun skólaráðs:

- 1. fundur (september – október): Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir og farið yfir hlutverk skólaráðs, starfsáætlanir kynntar, farið yfir skólareglur. Upphaf skólaársins rætt. Árs- og sjálfsmatsskýrsla frá árinu áður lögð fram. Tillögur ráðsins fyrir fjárhagsáætlunarvinnu næsta árs lagðar fram. Önnur mál er tengjast skólastarfinu.
- 2. fundur (febrúar – mars): Ýmis mál er tengjast skólastarfinu, farið yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs.
- 3. fundur (apríl – maí): Farið yfir starfsmannapörf skólans fyrir næsta skólaár og farið yfir breytingar ef þær liggja fyrir á þessum tímapunkti. Starfsáætlanir Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar komandi skólaárs kynntar og lagðar fram til samþykktar.

Verkefni skólaráðs eru að:

- Fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir er varða skólastarfið.
- Fjalla um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefa umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Taka þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- Fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð barna.
- Fjalla um skólareglur og umgengnishætti í skólanum.
- Fjalla um erindi frá fræðslunefnd sveitarfélagsins, foreldrafélagi, kennarafundum, almennum starfsmannafundum, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum og veita umsögn sé þess óskað.
- Taka þátt í öðrum verkefnum á vegum fræðslunefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra barna, foreldra eða starfsfólks skóla.

Fundargerðir skólaráðs má finna á slóðinni: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í stjórn foreldrafélagsins sitja almennt 6 foreldrar, þrír fulltrúar grunnskólans og þrír fulltrúar leikskólans, auk tveggja starfsmanna af sitthvoru sviðinu. Vegna góðrar aðsóknar sátu 7 foreldrar þetta skólaár.

Í aðalstjórn foreldrafélagsins 2022 - 2023 eru:

- Ásdís Björg Björgvinsdóttir
- Andrea Rán Jóhannudóttir
- Fanney Rún Ágústsdóttir
- Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir
- Sunnar Rós Svansdóttir
- Aldís Ósk Sævarsdóttir
- Agnieszka Aurelia Korpak

Áheyrnarfulltrúar

- Ekki talin ástæða að hafa áheyrnafulltrúa fyrir starfsfólk Skýjaborgar þar sem starfsmenn sitja í aðalstjórn.

Varastjórn:

- Unnur Tedda Þorgrímsdóttir
- Guðlaug Ásmundsdóttir
- Inga Lóa Karvelsdóttir
- Hulda Margrét Brynjarsdóttir

Foreldrafélagið fundaði reglulega á skólaárinu og má finna fundargerðir félagsins á heimasíðu skólans:
<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/foreldrafelag>

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum árlegum viðburðum.